

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
1. kafli Jafnréttisbaráttan í sögulegu ljósi	4
Að kenna 1. kafla	8
2. kafli Kynmótun, staðalmyndir og hefðbundin kynhlutverk	9
2.1 <i>Kynmótun</i>	9
2.2 <i>Hefðbundin kynhlutverk</i>	11
Að kenna 2. kafla	14
3. kafli Kynferðislegt ofbeldi	17
3.1 <i>Að fjalla um kynferðislegt ofbeldi í skólastofunni</i>	17
3.2 <i>Hvað er kynferðislegt ofbeldi?</i>	21
3.3 <i>Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum</i>	23
3.4 <i>Nauðgun</i>	24
3.5 <i>Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis</i>	27
Að kenna 3. kafla	30
Lokaorð	33
Heimildaskrá	34
Viðaukar	37

Inngangur

Enginn kemst í gegnum lífið án þess að heyra minnst á orðið jafnrétti. Jafnrétti er svo víðtækt orð að á einn eða annan hátt snertir það okkur öll. Ýmsir minnihlutahópar hafa barist fyrir jafnrétti en þegar á heildina er litið eru þeir samanlagt svo margir og svo stórir að það er erfitt að tala um minnihluta. Sú jafnréttisbarátta sem án efa hefur haft mest áhrif á Íslandi er baráttan fyrir jöfnum rétti kynjanna enda tilheyra allar manneskjur öðrum hvorum hópnum. Þessi barátta á sér margar hliðar og langa sögu sem hefur leitt okkur á þann stað sem við erum á í dag. Engu að síður er enn langt í land með að fullu jafnrétti kynjanna sé náð. Þá er ekki eingöngu um að ræða fjarlægá menningarheima þar sem lagabókstafir eru ekki í samræmi við viðurkennd mannréttindi heldur er margt í okkar íslenska samfélagi sem mætti betur fara.

Til þess að jafnrétti verði náð er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvar misréttið er falið og hvernig því er viðhaldið. Það er ekki eitthvað sem gerist af sjálfu sér. Almenn fræðsla verður því að teljast mikilvæg í jafnréttisbaráttunni eins og í öðrum efnum. Skólinn sinnir veigamesta fræðsluhlutverki samfélagsins og ber þar af leiðandi mikla ábyrgð í jafnréttismálum, bæði hvað varðar fræðslu og hvað varðar jafnrétti kynjanna í öllu skólastarfi. Í 19. grein jafnréttislaga er skýrt kveðið á um að á öllum skólastigum skuli vera fræðsla um jafnréttismál.¹ Í samræmi við það var árið 2000 gefin út *Jafnréttishandbókin* en hún er leiðarvísir fyrir starfsfólk grunnskóla varðandi jafnréttismál. Þar er tekið á jafnrétti kynjanna í skólastarfinu og rætt um fræðslumál. Þó virðist sem námsefni um jafnrétti sé af skornum skammti og ekkert ítarlegt efni til um viðkvæmasta þátt misréttis kynjanna, kynferðislegt ofbeldi. Það er því von að efni þessarar ritsmíðar geri kennurum kleift að standa að fræðslu um kynjamisrétti og þá með sérstakri áherslu á kynferðislegt ofbeldi.

Efnið byggist upp á almennri fræðslu fyrir kennarann. Aftan við hvern kafla eru svo hugmyndir að því hvernig megi koma efninu til skila í kennslustofunni. Kennarar geta sjálfir valið hvaða þætti þarf að leggja áherslu á og hvaða verkefni henta nemendahópnum. Nemendahópar eru mismunandi og hefur höfundur tekið þá ákvörðun að leyfa kennurunum sjálfum að meta hvort efnið hæfi þeirra hópi með tilliti til aldurs. Nokkur verkefni geta vel átt erindi til nemenda á miðstigi (5.-7. bekk) og önnur gætu hentað betur á unglingsstigi (8.-10. bekk). Einnig getur vel verið að

¹ sbr. Lög nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 22. maí

framhaldsskólakennarar hafi áhuga á að nýta hluta af efninu. Ef kennari á þess einhvern kost gæti verið mjög gott að kenna efnið í kynjaskiptum hópi. Í blönduðum hópi verða stelpur og strákar oftast en ekki fjendur² og það getur hreinlega eyðilagt alla umræðu um jafnréttismál. Sérstaklega skal huga að kynjaskiptingu þegar fjallað er um kynferðislegt ofbeldi (3. kafli) en þar getur upplifun drengja annars vegar og stúlkna hins vegar verið mjög ólík. Þetta er þó á ábyrgð hvers kennara enda þekkir enginn nemendahópin betur en hann sjálfur. Aðeins eitt skilyrði er sett kennurum sem vilja nota efnið og það er að efnið sé nýtt í þágu þess sem lagt er fram.

Gangi ykkur vel

² sbr. Kruse 1991:69

1. kafli Jafnréttisbaráttan í sögulegu ljósi

Jafnréttisbaráttan, eins og hún kallast í dag, hófst sem kvenréttindabarátta. Kvenréttindabaráttan byggir á femínískri hugmyndafræði sem hefur verið umdeild í gegnum tíðina.³ Harðir gagnrýnendur hafa jafnvel haldið því fram að hún byggir á valdi kvenna yfir körlum. Þetta er mikill misskilningur. Femínismi byggir á hugmyndum um frelsi og sjálfræði hvernar einustu manneskju yfir sínu eigin lífi. Til þess að allir geti notið þessa frelisis verða bæði kynin að búa við aðstæður sem ekki skerða tækifæri þeirra. Femínisti er svo sá eða sú sem aðhyllist hugmyndafræðina.⁴ Baráttu kvenna fyrir jöfnum rétti má rekja aftur til 18. og 19. aldar en til að gera langa sögu stutta er unnt að greina þrjár bylgjur femínisma sem hafa haft einna mest áhrif á stöðu kynjanna.

Fyrstu bylgju femínisma má kenna við súffragettarnar. Þær börðust fyrir kosningarétti kvenna á 19. öld og í byrjun 20. aldar. Mesta baráttan var háð í Bretlandi en þar voru margar kvennanna handteknar og þeim misþyrmt. Þessi bylgja varð aldrei stór hér á landi en frægasti íslenski femínistinn sem tilheyrði þessari bylgju var Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856-1940). Íslenskar konur, 40 ára og eldri, fengu kosningarétt árið 1915 en árið 1920 fengu þær fullan kosningarétt til jafns við karla. Undir þessa bylgju fellur Kvenréttindafélag Íslands sem var stofnað árið 1907.⁵

Önnur bylgjan hófst á 7. og 8. áratug síðustu aldar. Konur áttuðu sig á að þrátt fyrir kosningaréttinn hallaði enn á þær í samfélaginu. Mikil þensla var í atvinnulífínu sem kallaði konur út á vinnumarkaðinn og þær urðu fyrirvinnur við hlið karla. Hins vegar skilaði vinna og menntun kvenna þeim ekki sömu launum og körlum. Framamöguleikar voru takmarkaðir. Þær komust ekki til áhrifa, fengu ekki stöðuhækkanir og það sem þær gerðu var lítils metið. Að auki báru þær alla ábyrgðina á heimili og börnum. Alls konar hópar spruttu upp og allir höfðu sínar hugmyndir um hvernig jafnrétti skyldi náð. Ýmis samtök voru stofnuð sem unnu að mismunandi þáttum. Sem dæmi má nefna Stígamót, Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Samtök um kvennaathvarf og Samtök kvenna á vinnumarkaði. Rauðsokkuhreyfingin var brautryðjandi þessara hreyfinga og jafnframt þekktasta afsprengi bylgjunnar.⁶

³ sbr. Sigríður Þorgeirsdóttir 2001:128

⁴ sbr. Sigríður Þorgeirsdóttir 2001:13

⁵ sbr. Helga Baldvinsdóttir Bjargadóttir 2002 og Kvennasögusafn Íslands 2003

⁶ sbr. Helga Baldvinsdóttir Bjargadóttir 2002 og Herdís Helgadóttir 1996:17-18

Rauðsokkuhreyfingin hafði það að markmiði að berjast fyrir betri heimi þar sem manneskjan væri metin. Baráttan snerist ekki eingöngu um konur heldur var þetta jafnréttis- og mannréttindabarátta. Misréttið beindist hins vegar mest gegn konum og þar af leiðandi snérist baráttan mest um kvenfrelsi og kjör kvenna. Réttindi sem í dag eru talin sjálfsgöð eru baráttu þessara kvenna að þakka.⁷ Þær sættu engu að síður harðri gagnrýni og allt fram til dagsins í dag ganga ýmsar sögur um að markmið þeirra hafi verið allt önnur en þau voru. Raunveruleg markmið Rauðsokkanna voru hins vegar:

- ❖ Að koma á raunverulegu jafnrétti karla og kvenna í samfélaginu.
- ❖ Að konur réðu sjálfar yfir líkama sínum, barneignum sínum og kynlífi.
- ❖ Að konur hefðu sama rétt og karlar til að vinna fyrir sér, vera fjárhagslega sjálfstæðar og að vinna kvenna væri metin til jafns við vinnu karla.
- ❖ Að konur hefðu sama rétt til að mennta sig og karlar.
- ❖ Að konur hefðu frelsi til að vera þær sjálfar, vera manneskjur, og einstaklingar en ekki aðeins mæður og húsmæður.
- ❖ Að fólk gerði sér grein fyrir að konur væru „menn“ jafnt og karlar, og annað kynið ætti ekki að drottna yfir hinu og hafa forréttindi og hlunnindi.
- ❖ Að foreldrar deildu ábyrgð á börnum og heimili.
- ❖ Að allar konur fengju fæðingarorlof í a.m.k. þrjá mánuði.
- ❖ Að samfélagið kæmi til móts við breyttar þjóðfélagslegar aðstæður og byggði upp barnaheimili.
- ❖ Að kennsla og félagsmótun í skólum gæfi stelpum og strákum jöfn tækifæri til að takast á við lífið framundan.⁸

Eins og sjá má hafa þessi markmið ekkert með forréttindi kvenna að gera og það er sennilega erfitt fyrir nútímamanninn að ætla að setja sig á móti einhverjum þessara hugmynda.

Þrátt fyrir þrotlausa baráttu þeirra virðist engu að síður ýmislegt vanta upp á. Formlegt jafnrétti er í höfn en engu að síður reka konur sig á ýmsa veggi í atvinnulífinu. Karlar hafa einnig hafið baráttu fyrir sínum réttindum og má ætla að stærsti sigur þeirra sé jafn réttur til fæðingarorlofs á við konur. Þeir reka sig engu að síður á veggi inni á heimilinu.⁹ Þessar umræður skiluðu sér í þriðju bylgju femínisma sem er kennd við akademíuna (háskólasamfélagið). Sú bylgja er um margt merkileg

⁷ sbr. Helga Baldvinsdóttir Bjargadóttir 2002 og Herdís Helgadóttir 1996:39

⁸ Herdís Helgadóttir 1996:39-40

⁹ sbr. Ingólfur V. Gíslason 1997

en sérstaklega vegna þess að henni tilheyrir fyrsta kynslóð kvenna (og karla) sem hefur alist upp við að kvenréttindi séu talin sjálfsögð mannréttindi. Þriðja bylgjan leggur áherslu á fjölbreytileikann og rétt fólks til að vera og gera það sem það vill. Í þessu felst í raun ákveðin afstaða frekar en sérstök baráttumál.¹⁰ Þessari bylgju fylgdi gagnrýni á fyrri bylgjurnar tvær. Gagnrýnin var meðal annars í því fólgin að þar væri rætt um konur sem einsleitán hóp, þ.e. hvítar millistéttarkonur. Þannig voru konur í ýmsum minnihlutahópum ekki teknar með í reikninginn, s.s. fatlaðar og samkynhneigðar. Frá þessari umræðu spruttu meðal annars hinseginfræði sem byggja á reynsluheimi samkynhneigðra. Fræðin setja spurningarmerki við skiptingu í tvö kyn og hafa með uppreisn sinni gegn hinu hefðbundna víkkað sjóndeildarhring og baráttu ýmissa hópa.¹¹ Undir þessa bylgju fellur einnig Femínistafélag Íslands sem var stofnað 14. mars 2003. Markmið félagsins er að vinna að jafnrétti kynjanna rétt eins og Rauðsokkurnar gerðu í sinni tíð. Hins vegar er það nú svo í dag að misréttið er mun faldara og tengist menningu fremur en lagabálkum.¹² Á meðan fyrri bylgjurnar hafa verið gagnrýndar fyrir hafa hundsáð konur í minnihlutahópum hefur sú þriðja verið gagnrýnd fyrir að vera um og of bundin akademíunni og að hún höfði ekki til almennings.¹³

Fordómar gagnvart femínisma og almennri jafnréttisbaráttu eru því miður allt of algengir. Það verður að teljast hlutverk menntastofnana að vinna gegn þessum fordómum. Börn og unglíngar í dag virðast hins vegar alast upp við að jafnrétti kynjanna sé náð og þeir sem segi eitthvað gegn því séu að fara með rangt mál. Þar að auki fær saga jafnréttisbaráttunnar og saga kvenna litla umfjöllun í sögubókum. Því er alls óvíst að börn og unglíngar geri sér almennt grein fyrir að þau réttindi sem talin eru sjálfsögð í dag hafa ekki endilega alltaf verið það. Þess vegna er það mikilvægt að gera þeim kleift að sjá réttindi sín og stöðu í sögulegu ljósi.¹⁴ Þegar sagan er höfð til hliðsjónar er auðveldara að koma auga á misréttið sem enn er til staðar og að oft hafa karlar og konur ekki sömu tækifæri.

Þetta menningarbundna kynjamisrétti byggist á óskráðum reglum samfélagsins, reglum sem segja okkur hvernig við eigum að haga okkar með tilliti til eigin kynferðis. Það sem viðheldur kynjamisréttinu er svokölluð kynmótun. Það er

¹⁰ sbr. Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir 2002

¹¹ sbr. Dagný Kristjánsdóttir 2003 og Geir Svansson 1998:332-333

¹² sbr. Femínistinn 2003

¹³ sbr. Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir 2002

¹⁴ sbr. Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir 2002

Þegar börn þróa hefðbundin kynhlutverk með því að tileinka sér þessar óskráðu reglur, haga sér samkvæmt þeim og finna sér síðan hlutskipti í lífinu út frá þeim.

Að kenna 1. kafla

Það sem þarf að hafa í huga?

- ❖ Á að kenna í kynjaskiptum hópi?
- ❖ Forðast allar alhæfingar varðandi femínisma, sögu hans og annað sem honum tengist.

Hugmyndir að verkefnum

- ❖ *Rannsóknarverkefni*: Nemendur vinna 2-3 saman og eiga að finna út hvað femínismi er. Verkefnið getur farið fram að hluta til í tíma og hluta til heima eða á bókasafni. Hægt er að láta nemendur skila munnlega og/eða skriflega. Mikilvægt er að nemendur tilgreini hvaðan upplýsingarnar koma. Í framhaldi af þessu er hægt að ræða bylgjurnar þrjár og áhrif jafnréttisbaráttunnar á líf okkar og réttindi í dag.
- ❖ *Smásögur og ljóð*: Nemendur lesa smásögur eða ljóð sem fjalla á einn eða annan hátt um málefni kynjanna og ræða svo efni þeirra. Athugið að í svona samræðum er mjög gott að sitja í hring. Til eru margar sögur og enn fleiri ljóð um efnið en hér fylgja nokkur dæmi:
 - Ljóð úr bókinni *Janus*² (1986) eftir Jórunni Sörensen.¹⁵
 - Ljóð úr bókinni *Nýgræðingar í ljóðagerð 1970-1981* (1983). Ljóðið *Kona* eftir Ingibjörgu Haraldsdóttur og ljóðið ... og bræðralag eftir Sonju B. Jónsdóttur.¹⁶
 - Smásagan *Veizla undir grjótvegg* eftir Svövu Jakobsdóttur úr bókinni *12 konur* (1965).¹⁷ Í þeirri bók eru einnig fleiri sögur sem hægt er að nýta við kennslu um þetta efni.

Athugið að sögurnar og ljóðin gætu einnig átt við umfjöllun um 2. kafla.

- ❖ *Hugmyndir að lesefni*, fyrir nemendur og kennara, sem tengist 1. kafla:
 - *Píkutorfan*. 20 sjálfstæðar greinar eftir femínista (2000).

¹⁵ sbr. viðauki 1

¹⁶ sbr. viðauki 2

¹⁷ sbr. viðauki 3

2. kafli Kynmótun, staðalmyndir og hefðbundin kynhlutverk

2.1 Kynmótun

„Maður fæðist ekki kona, maður verður kona“ ritaði Simon de Beauvoir (1908-1986), einn merkasti femínisti allra tíma. Beauvoir skilgreindi sig innan annarrar bylgju femínisma þó hún hafi hafið störf sín í þágu femínisma áður en sú bylgja hófst. Hún vildi afhjúpa þá sögulegu og menningarlegu þætti sem mótuðu kynferði og kynhlutverk og lagði áherslu á að kynhlutverkin væru ekki eðlislæg heldur ásköpuð af samfélaginu.¹⁸ Þetta hefur einmitt verið deiluefni fræðimanna eins lengi og menn muna. Hugmyndir Charles Darwin (1809-1882), um að maðurinn væri ein dýrategund þar sem allt atferli væri arfbundið, fengu mikinn hljómgrunn enda hentaði það mörgum vel að sýna fram á að sumar stéttir, þjóðir eða kynþættir væru öðrum æðri. Það kom þó í ljós að sumir þessara meðfæddu eiginleika áttu ekki við í öllum menningarheimum. Í framhaldi af því komu fram ýmsir fræðimenn sem vildu meina að persónuleikinn væri algjörlega mótaður af umhverfinu og engu öðru. Bandaríski sálfræðingurinn John B. Watson (1878-1958) sagðist geta búið til hvaða sérfræðing sem er úr heilbrigðu smábarni ef hann fengi frjálsar hendur við uppeldi þeirra. Í dag þykja bæði sjónarmið fullmikil einföldun og að erfðir (það sem er meðfætt) og félagsmótun (það sem lærist) taldir nátengdir þættir. Erfðirnar bjóða upp á ákveðna möguleika en öll þróun ræðst algerlega af aðstæðum og umhverfi.¹⁹

Innan félagsmótunarinnar eru margir samverkandi þættir. Skipting eftir kyni er eitt grundvallaratriði í flestum menningarsamfélögum og þar af leiðandi er stór hluti félagsmótunar kynbundinn, þ.e. kynmótun.²⁰ Rökræðunni um hlutverk erfða og kynmótunar mun seint ljúka enda er ómögulegt að skýra allan kynjamun með öðrum hvorum þættinum.²¹ Þar af leiðandi verður ekki eytt miklu púðri í það hér en hins vegar er vert að skoða kynmótunina nánar og þá þætti sem gera stúlku að konu og dreng að karli.

Sjálfsmynd fólks á sér félagslegan, menningarlegan og sögulegan bakgrunn. Kynímynd er órjúfanlegur hluti af sjálfsmyndinni og byggir á tveimur þáttum. Í fyrsta

¹⁸ sbr. Helga Baldvinsdóttir Bjargardóttir 2002 og Sigríður Þorgeirsdóttir 2003

¹⁹ sbr. Robertsson 1987:13-14

²⁰ sbr. Atkinson o.fl. 1988:268

²¹ sbr. Sigríður Þorgeirsdóttir 2001:117

lagi á skynjun manneskjunnar á því sem er kvenlegt eða karllegt og í öðru lagi skynjun manneskjunnar á sjálfri sér sem kvenkyns eða karlkyns veru. Konur og karlar verða ekki aðeins til, þ.e. vaxa, eldast og þroskast heldur eru líka að einhverju leyti búin til. Þess vegna ber að skilja á milli kyns (sex) annars vegar og svo kynferðis (gender) hins vegar. Kyn vísar til þeirra líffræðilegu þátta sem gera karl að karli og konu að konu. Kynferði er hins vegar tilkomið vegna félagsmótunar.²² Stærsti mótunaraðilinn er fjölskyldan en annar stærsti er skólinn.²³

Staðalmyndir kallast það þegar alhæft er um ákveðinn hóp þannig að allir einstaklingar innan hans eiga að hafa ákveðna eiginleika sem hægt er að segja fyrir um. Þessi mynd sem dregin er upp af hópnum er oftast en ekki röng.²⁴ Sem dæmi um slíkar staðalmyndir eru alhæfingar um eiginleika stelpna og eiginleika stráka. Strákarnir eru m.a. sagðir sterkir og hávaðasamir á meðan stelpurnar eru duglegar og hljóðlátar.²⁵ Vegna þessara staðalmynda mætir fólk ákveðnum viðbrögðum sem eru talin hæfa kyni þeirra.²⁶ Þetta spilar stóran þátt í kynmótuninni sem á sér stað allt frá því að barnið kemur í heiminn. Þegar greint er frá fæðingu barns er fyrsta spurningin alltaf: Er það strákur eða stelpa? Kyn er nefnilega breyta sem skiptir svo miklu máli í samfélaginu að á eftir fylgja spurningar um hvort barnið er heilbriggt, hvort móðirin hafi það gott og svo framvegis.²⁷ Fólk virðist eiga erfitt með að tala við barn ef það veit ekki hvort það er strákur eða stelpa og það notar önnur orð við stráka en við stelpur. Börnin taka við öllum skilaboðum sem þau fá úr umhverfinu og reyna eftir fremsta megni að lifa eftir þeim. Þau eru fljót að gera sér grein fyrir hvernig stelpur eiga að haga sér og hvernig strákar eiga að haga sér.²⁸

Kynmótun varðar samfélagið allt því að öll tökum við þátt í henni. Börn læra af öllum sem þau hafa samskipti við eða fylgjast með hvort sem það eru foreldrar, kennarar, leikskólakennarar, frægt fólk, starfsfólk verslana, skyldmenni eða íþróttáþjálfarar. Allir sem nokkurn tímann hafa samskipti við börn gefa þeim skilaboð um æskilega og óæskilega hegðun. Öll orð sem við notum þegar við tölum við börn hafa áhrif. Því miður hættir okkur til að nota misjöfn lýsingarorð eftir því hvort við tölum við stráka eða stelpur. Lýsingarorðin byggja á staðalmyndum og í þeim felast

²² sbr. Guðný Guðbjörnsdóttir 1994:151 og Sigríður Þorgeirsdóttir 2001:111,117 og 128

²³ sbr. Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir 1995:79

²⁴ sbr. Atkinson o.fl. 1988:374 og Colwill 1982:20

²⁵ sbr. Margrét Pála Ólafsdóttir 1998:65

²⁶ sbr. Colwill 1982:20-21

²⁷ sbr. Margrét Pála Ólafsdóttir 2003a

²⁸ sbr. Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir 2000:9

alhæfingar um hvernig kynin eru og hvers við væntum af þeim. Stelpur eru svo dæmi séu tekin rólegar, kjarklitlar, viðkvæmar, stilltar, sætar, umhyggjusamar, vandvirkar og grátgjarnar. Strákar eru hins vegar órólegir, kjarkmiklir, harðir, sterkir, ráðagóðir, sóðalegir og tillitslausir.²⁹ Börnin taka þessi skilaboð hátíðlega og reyna eftir fremsta megni að lifa eftir þeim. Lítil börn lýsa sjálfum sér gjarnan með áðurnefndum eiginleikum. Það þarf að vinna markvisst gegn þessum hugmyndum því að eiginleikar og hæfileikar eiga ekki að vera í einkaeign annars kynsins.³⁰

Kynmótun er að mörgu leyti jákvæð. Hún hjálpar barninu að skilgreina sjálf sig og koma smá reiðu á óreiðuna. Hins vegar hefur kynmótun margar neikvæðar hliðar. Konur hafa alls staðar verið valdaminni en karlar. Þetta valdaójafnvægi kemur fram á mörgum stöðum og mótar reynslu kvenna og karla. Þannig hefur virðing fyrir kvennamenningu oft verið minni en fyrir karlamenningu.³¹ Í M.Ed. ritgerð sinni tekur Margrét Pála Ólafsdóttir (2000) á þessum þáttum. Þar kemur meðal annars fram að staðalmyndir um kynhlutverk lifa enn góðu lífi meðal barna. Þær hafa mikil áhrif á líf þeirra hvort sem það er þannig að barnið nær að uppfylla viðkomandi hlutverk eða að það býr við þá togstreitu að uppfylla það ekki. Þannig takmarkar kynmótunin líf og færni barnanna.³²

2.2 Hefðbundin kynhlutverk

Eftir áralanga kynmótun tekur hver einstaklingur sér þau hlutverk í lífinu sem hann telur að henti sér best. Það sem í daglegu tali er kallað hefðbundin kynhlutverk vísar til þess þegar konur taka að sér það sem þær eru taldar góðar í og karlar það sem þeir eru taldir góðir í.³³ Heimspekingar, fyrr og síðar, hafa velt þessum málefnum fyrir sér og margir karlar talið sig vita hvað er körlum og konum fyrir bestu. Forn-gríski heimspekingurinn Aristóteles gekk í skrifum sínum út frá einu kyni, karlkyni. Karlinn var staðallinn en konan frávik frá því. Konan var ill nauðsyn, til þess eins fallin að ganga með og ala börn. Konan átti að þegja og ekki vera að skipta sér af því sem gerðist utan heimilsins. Konan gat nefnilega ekki talist *maður* til jafns á við karlinn. Líffræðilegt kyn konunnar var jafnframt hlutskipti hennar. Heimspekingar eins og Aristóteles spurðu nefnilega hvað karlinn væri en til hvers konan væri. Það er

²⁹ sbr. Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir 2000:10

³⁰ sbr. Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:48-49

³¹ sbr. Ragnhildur Bjarnadóttir 1996:110

³² sbr. Margrét Pála Ólafsdóttir 2000:12-13

³³ sbr. Margrét Pála Ólafsdóttir 2003b

hugsanlegt að þetta viðhorf sé eingöngu viðhorf fornaldanna. En þegar kenningar uppeldisfræðingsins Jean-Jaques Rousseau (18. öld) og heimspekingsins Georg Wilhelm Friedrich Hegel (18.-19. öld) eru skoðaðar virðist álit á konunni ekki beint hafa vaxið. Hegel taldi konuna eiga að vera innan veggja fjölskyldunnar en karlinn átti hins vegar að starfa á opinberum vettvangi. Þannig vildi hann meina að konur gætu engan veginn gegnt embættum innan ríkisstjórnar. Það myndi stofna ríkinu í hættu því konur breyttu ekki samkvæmt almennum lögmálum heldur tilviljanakenndum tilhneigingum og skoðunum. Rousseau vildi svo meina að konan ætti að vera dyggðuð húsfreyja og tælandi eiginkona.³⁴ Svipuð sjónarmið heyrðust á Alþingi Íslendinga þegar konur fóru fram á kosningarétt. Mikið var þrefað um þessi mál og helstu rökin gegn því voru sótt í að líffræðilegir eiginleikar kvenna ákvarði jafnframt tilgang þeirra í samfélaginu, þ.e. að ganga með og fæða börn. Að auki myndi stjórnmalapátttaka og menntun draga huga þeirra frá þeirra mikilvægasta hlutverki, að sjá um heimili og börn. Einnig voru margir þingmenn sem héldu því fram að vitsmunir kvenna væru hreinlega minni en karla.³⁵ Þrátt fyrir miklar breytingar í átt til hins betra á sagan enn sterk tók í menningu okkar og margt leynist undir yfirborði jafnréttis. Enn er því haldið fram að konur hafi ákveðna eiginleika í einkaeign og karlar aðra.

Á miðöldum gerðu kaþólskar kenningar mikið úr sál karlmannsins og hún talin æðsti hluti mannshugans. Konur voru hins vegar ekki taldar hafa sálir. Nú á tímum er sálin frekar léttvæg fundin og þá eru konur almennt taldar meiri sálarverur en karlar.³⁶ Þetta er ekki einsdæmi. Í kringum 1950 þóttu kennarar hin merkilegasta stétt og laun alþingismanna jafnan miðuð við laun kennara. Virðingin fyrir kennarastarfinu fór svo hnignandi samhliða því að fleiri konur tóku að sér starfið.³⁷ Það er nefnilega svo að karllægu eiginleikarnir eru upphafnir í samfélaginu á meðan kvenlægu eiginleikarnir eru niðurlægðir. Þetta er staðreynd sem þarf að viðurkenna til þess að geta skilið misrétti kynjanna og ráðist að rótum vandans, þ.e. rótgrónum viðhorfum okkar allra.³⁸

Á meðan þessi viðhorf halda okkur í viðjum vanans verða lög og reglugerðir um jafnrétti að litlu. Það sem er til í orði virðist ekki vera til á borði. Engu að síður

³⁴ sbr. Sigríður Þorgeirsdóttir 2001:22-25

³⁵ sbr. Unnur Karlsdóttir 1993

³⁶ sbr. Sigríður Þorgeirsdóttir 2001:23

³⁷ sbr. Sigurjón Mýrdal 2000

³⁸ sbr. Margrét Pála Ólafsdóttir 1992:24

hefur mikil bylting orðið á skiptingu verka milli kynjanna en betur má ef duga skal. Kynbundinn launamunur er enn verulegur og þegar dregnar eru frá breytur eins og starfsaldur, menntun og ábyrgð stendur enn eftir 7,5-11% munur sem er eingöngu hægt að skýra með tilvísun í kyn.³⁹ Kynbundin verkaskipting fyrirfinnst ennþá og enn er talað um kvennastörf og karlastörf. Verkaskipting á heimilum hefur mikið verið rannsökuð og rædd enda eru heimilisstörfin með öllu sem þeim fylgja nokkurs konar aukavinna sem einstaklingar þurfa að leggja á sig að hefðbundnum vinnudegi loknum.

Ingólfur V. Gíslason (1997) rannsakaði viðhorf og væntingar íslenskra karla. Í þeirri rannsókn kemur fram að körlum finnst það sjálfsagt að þeir gangi í öll heimilisstörfin. Oft vilja þeir hafa meiri samskipti við börnin sín en þeir fá tækifæri til, meðal annars vegna vinnu. Hins vegar virðist ákveðin verkaskipting og munur á viðhorfum enn vera fyrir hendi. Konur virðast enn bera höfuðábyrgð á vissum hlutum og eru oft í hálfgerðu verkstjórnarhlutverki inni á heimilinu. Taka þarf tillit til þess að karlar verða ekki að konum við það eitt að ganga í störf sem áður tilheyrðu þeim. Þeir geta ekki unnið eftir forsendum kvenna.⁴⁰ Það sama hlýtur að gilda um atvinnulífið. Þar verða konur að fá að vinna á sínum forsendum, sem konur.

Allir þessir framangreindu þættir eru nátengdir. Kynmótun leiðir af sér að við höldum fast í hefðbundin kynhlutverk. Þannig hefur kynferði (gender) áhrif á ýmsar ákvarðanir einstaklinga. Vegna þessa skapast ákveðið ójafnvægi milli kynjanna sem í sinni ljótustu mynd birtist sem kynferðislegt ofbeldi.

³⁹ sbr. *Morgunblaðið* 2002a

⁴⁰ sbr. Ingólfur V. Gíslason 1997:12, 13, 21, 32 og 45

Að kenna 2. kafla

Það sem þarf að hafa í huga:

- ❖ Á að kenna í kynjaskiptum hópi?
- ❖ Kennari þarf sjálfur að vera fyrirmynd.
- ❖ Kennari getur notað tækifærið og tekið sjálfan sig í gegn hvað varðar samskipti við stráka annars vegar og stelpur hins vegar.

Hugmyndir að verkefnum:

- ❖ *Úrklippubók*: Nemendur klippa út allt sem þeir rekast á sem fjallar um málefni kynjanna og líma það í ákveðna bók. Svo er af og til hægt að gefa nemendum færi á að sýna úrklippurnar sínar og ræða um þær.
- ❖ *Fjölmiðlar*: Nemendur skrá hjá sér umfjöllun fjölmiðla um kynin. T.d. er hægt að taka fyrir dagblað og telja hversu margar fréttir fjalla um konur og hversu margar um karla. Einnig er hægt að skoða hvernig er fjallað um kynin í fjölmiðlum. Bendið nemendum sérstaklega á að rannsaka þá miðla sem þau nýta sér, t.d. Popp Tíví og Skjá einn.
- ❖ *Hefðbundin kynhlutverk*: Börnin fá lista sem þau fara með heim og skrá hjá sér hver sinnir hvaða störfum á heimilinu.⁴¹ Listarnir eru svo skoðaðir og ræddir. Jafnvel er hægt að vinna niðurstöðurnar á tölfræðilegu formi.
- ❖ *Staðalmyndir*: Kennarinn skrifar *konur* öðrum megin á töfluna en *karlar* hinum megin. Nemendur eiga svo að koma með hugmyndir af eiginleikum sem falla í hvorn flokk fyrir sig. Kennarinn leggur svo inn hugtakið staðalmynd og ræðir hvernig staðalmyndir kynjanna halda okkur föstum. Í framhaldi af því er hægt að ræða samspil erfða og félagsmótunar.
- ❖ *Kvikmyndir*: Nemendur fara á myndbandaleigu og lesa aftan á nokkrar myndir. Þeir skrá hjá sér hvernig persónunum er lýst og hafa sérstaklega í huga þær staðalmyndir sem við þekkjum. Hverjar eru aðalpersónur? Hverjar eru aukapersónur? Eru einhverjar útlitslýsingar? Svo eru niðurstöðurnar ræddar í kennslustund.

⁴¹ sbr. viðauki 4

- ❖ *Kvikmynd:* Nemendur horfa saman á eina kvikmynd sem kennarinn velur og ræða síðan staðalmyndirnar sem koma fram. Í mörgum kvikmyndum, sem höfða til barna og unglunga, eru staðalmyndir kynjanna ríkjandi. Hugmyndir af myndum:
 - American Pie
 - The New Guy
 - Road Trip
 - 10 things I hate about you
 - Fríða og dýrið
 - Alladín
 - Shrek
- ❖ *Leikföng:* Nemendur fara í leikfangabúð og/eða skoða leikfangauglýsingar:
 - Hvaða leikföng höfða til stelpna?
 - Hvaða leikföng höfða til stráka?
 - Vilja allar stelpur leika sér með eins leikföng?
 - Vilja allir strákar leika sér með eins leikföng?

Niðurstöðurnar eru svo ræddar í tíma.
- ❖ *Gjafir:* Nemendur skoða hvernig gjafir börn fá. Þetta getur verið tilvalið verkefni í kringum jól eða fermingar.
- ❖ *Spjalla við yngri börn:* Nemendur vinna 2-3 saman. Þeir fara og spyrja nokkur börn í leikskóla eða í yngri bekkjum grunnskóla hvað þau ætla að verða þegar þau verði stór. Síðan flokka þau svörin eftir kyni og bekkurinn í heild ber saman niðurstöður sínar.
- ❖ *Hugmyndir að lesefni og myndefni,* fyrir nemendur og kennara, sem tengist 2. kafla:
 - *Ég vildi ganga í buxum* eftir Lara Cardella, Nanna Rögnvaldsdóttir þýddi (1990).
 - *Haltu kjafti og vertu sæt* eftir Vitu Andersen (1981).
 - *Hvunnagshetjan: þrjár öruggar aðferðir til að eignast óskilgetin börn* eftir Auði Haraldsdóttur (2000 [1979]).
 - *Í skóm dregans* heimildamynd um Ungrú Ísland.is
 - *Læknamafían: Lítil pen bók* eftir Auði Haraldsdóttur (1980).

Athugið að það gæti líka verið tilvalið að skipta í hópa og deila verkefnum milli þeirra. Hóparnir gætu svo kynnt niðurstöður sínar í kennslustund. Þannig gæti einn hópur rannsakað fjölmiðla, annar leikföng og svo framvegis.

3. kafli Kynferðislegt ofbeldi

3.1 Að fjalla um kynferðislegt ofbeldi í skólastofunni

Umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi er viðkvæmt mál en engu að síður mjög mikilvægt. Leiða má líkur að því að aukin fræðsla minnki tíðni ofbeldisins en auk þess auðveldar hún þolendum að leita sér hjálpar. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (1999) er hvergi minnst beinum orðum á fræðslu um kynferðislegt ofbeldi. Hins vegar eru mörg markmið innan lífsleiknihlutans sem rúma þessa fræðslu. Þar er m.a. talað um að nemandi eigi að styrkjast í að bera ábyrgð á eigin lífi.⁴² Í þrepamarkmiðum 10. bekkjar er jafnframt markmið sem miðar að því að nemandi „...sé meðvitaður um að siðvit og ábyrgð, gagnkvæm virðing og persónuréttur eru helstu mælikvarðar á siðlega kynímynd, kynupplifun og kynhegðun hvers og eins“.⁴³ Þarna vegur hugtakið gagnkvæm virðing einna mest en ef hún væri til staðar í öllum samskiptum væri kynferðislegt ofbeldi ekki til frekar en annað ofbeldi. Það verður hins vegar að teljast ámælisvert að hvergi séu bein markmið sem lúta að því að nemendur viti hvað kynferðislegt ofbeldi er og þekki birtingarmyndir þess.

Þegar fjalla á um kynferðislegt ofbeldi í skólastofunni er í mörg horn að líta. Eftirfarandi atriði er mjög mikilvægt að hafa í huga til þess að takast á við þetta erfiða verkefni:

1. Fagmennska og þekking

Kennari sem ætlar að fjalla um kynferðislegt ofbeldi í skólastofunni á vandasamt verk fyrir höndum. Kennarinn þarf ekki að vera alvitur um efnið með öll svör á reiðum höndum. Engu að síður er gott að kynna sér þá aðstoð sem er í boði. Stígamót og Barnahús bjóða upp á fræðslu fyrir fagfólk. Þangað er einnig hægt að hringja ef einhverjar spurningar koma upp. Athugið að ef grunur vaknar um að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi er hægt að hringja í Barnahús eða Stígamót án þess að nefna nafn barnsins. Kennari ætti því ekki að láta vafann stoppa sig í að athuga málið.⁴⁴

⁴² sbr. *Aðalnámskrá grunnskóla. Lífsleikni* 1999:12

⁴³ *Aðalnámskrá grunnskóla. Lífsleikni* 1999:24

⁴⁴ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

2. Stuðningur við hugsanlega þolendur

Upplýsið námsráðgjafa, skólasálfræðing, hjúkrunarfræðing og annað starfsfólk skólans um hvað verður fjallað í kennslustofunni. Það er mikilvægt að allir þeir sem hafa samskipti við börnin geti verið opnir fyrir hugsanlegum viðbrögðum nemenda við umfjölluninni.⁴⁵

3. Reynsla nemenda

Það eru miklar líkur á að í nemendahópnum séu *þolendur* kynferðislegs ofbeldis. Samkvæmt nýlegri íslenskri rannsókn eru 23% stelpna og 8% stráka misnotuð sem börn.⁴⁶ Þetta þýðir að í 30 manna bekk með jöfnu kynjahlutfalli mætti ætla að þrjár til fjórar stúlkur og einn drengur séu fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis. Líkurnar á að enginn nemandi sé fórnarlamb eru því hverfandi. Þar sem 16-19% *gerenda* eru undir 18 ára aldri má allt eins gera ráð fyrir að í hópnum sé einhver sem hefur verið þeim megin við borðið. Slíkt er sérlega erfitt viðureignar þar sem reynsla af vinnu með gerendum er lítil sem engin hér á landi. Barnaverndarstofa er þó að hefja starf með ungum gerendum og hugsanlega er hægt að fá upplýsingar hjá þeim ef grunur vaknar um að gerandi sé í hópnum.⁴⁷ Brynið fyrir nemendum að þeir aðilar sem voru nefndir í 2. lið viti af umfjölluninni og séu tilbúnir að ræða við nemendur ef þeim liggur eitthvað á hjarta. Einnig sé mögulegt að tala við kennarann eða panta sér viðtal í Stígamótum.⁴⁸

4. Lög og reglur

Kynnið ykkur lög um þagnarskyldu og tilkynningarskyldu, það er barnaverndarlögin. Í 17. grein barnaverndarlaga segir:

Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og verður í starfi sínu var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunar-

⁴⁵ sbr. Forliti o.fl. 1991:124

⁴⁶ sbr. *Morgunblaðið* 2002b

⁴⁷ sbr. *Ársskýrsla Stígamóta* 2002 2003:30 og Rúna Jónsdóttir 2003

⁴⁸ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

fræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr.

Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.⁴⁹

Þarna kemur skýrt fram að kennurum ber skylda til að tilkynna það barnaverndarnefnd ef upp kemur grunur um að barn sé beitt kynferðislegu ofbeldi. Þagnarskyldan sem kennarar eru einnig bundnir á því ekki við í tilfellum sem þessum. Þetta er hins vegar afar vandmeðfarið efni. Það er erfitt að skapa þau skilyrði að barn treysti kennaranum þegar traustið er svo brotið örlitlu seinna með því að segja frá. Það verður að teljast öruggast að gera allt til að hafa barnið með í ráðum því að annars er hætta á að það loki munninum og tali aldrei aftur um ofbeldið.⁵⁰

Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1989 eru einnig ákvæði um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Í 34. grein segir að börn eigi rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi. Í 39. grein segir jafnframt að fórnarlömb slíks ofbeldis eigi rétt á líkamlegri og andlegri umönnun og félagslegri endurhæfingu.⁵¹ Vernd gegn kynferðislegu ofbeldi getur reynst mjög erfið. Hins vegar er hægt að standa mun betur að vinnu að 39. grein. Við getum veitt börnunum líkamlega og andlega umönnun. Til þess að það sé mögulegt verða börnin að fá fræðslu. Aðeins þannig er mögulegt að þau viti að brotið sé á rétti þeirra og þá aukast jafnframt líkurnar á að þau segi frá.

5. Leyndarmál þolenda

Þegar um þessi mál er fjallað getur það alltaf gerst að einhver nemandi sem hefur orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi hreinlega hrópi á hjálp. Komi slíkt upp er ábyrgð þeirra sem fyrst heyra kallið mikil.⁵² Kennarinn verður að vera tilbúinn að ræða hlutina og gera sér grein fyrir að fyrstu viðbrögð hans geta átt stóran þátt í bata barnsins. Kennarinn þarf ekki að bregða sér í ráðgjafahlutverk heldur eingöngu að brúa bilið og sýna umhyggju.⁵³ Flest börn sem hafa verið beitt kynferðislegu ofbeldi

⁴⁹ Barnaverndarlög nr. 80/2002, 10. maí.

⁵⁰ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁵¹ sbr. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna 1989

⁵² sbr. Vígðís Erlendsdóttir 1999:64

⁵³ sbr. Forliti o.fl. 1991:124

hafa gert tilraun til að segja frá því. Þannig er líklegt að barnið reyni að prófa kennarann og athuga hvort hann sé traustsins verður. Kennarinn verður að sýna að hann sé fær um að taka við upplýsingunum og þarf að forðast alla óþarfa hræðslu eða geðshræringu.⁵⁴

6. Aðskiljið umfjöllun um kynlíf og kynferðislegt ofbeldi

Í skólabókum hefur kynferðislegt ofbeldi oft verið tengt við umfjöllun um kynlíf. Það er þó nauðsynlegt að allir sem um þessi mál fjalla geri sér grein fyrir að kynlíf og kynferðislegt ofbeldi eru algerlega óskildir hlutir. Annars vegar er um að ræða nánustu samskipti tveggja einstaklinga og hins vegar grófustu birtingarmynd ofbeldis. Engu að síður er þessum hlutum oft ruglað saman og leiða má líkur að því að hluti þess kynferðislega ofbeldis sem fram fer sé undir formerkjum kynlífs. Það getur jafnvel verið að annar eða báðir aðilar geri sér ekki grein fyrir að um ofbeldi sé að ræða.⁵⁵

7. Fræðsla fyrir stráka og stelpur

Oft hefur brunnið við að eingöngu stelpur hafi fengið fræðslu um nauðganir og þá höfðað til ábyrgðarkenndar þeirra. Í slíkri umfjöllun gleymist oft ábyrgð gerandans.⁵⁶ Í námsefninu *Lífsgildi og ákvarðanir*, sem gefið var út á Íslandi árið 1991 eftir bandarískri fyrirmynd, er umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi fléttuð inn í umfjöllun um kynlíf. Einu skriflegu verkefni sem eru innan þess kafla ganga út á að læra að verja sig fyrir nauðgunum. Þar eru gefnar ráðleggingar eins og að þvælast ekki úti í myrkri á kvöldin, ferðast ekki á puttanum og að fara ekki í partí með ókunnugum.⁵⁷ Viðvaranir sem þessar geta verið mjög hættulegar. Þær taka ábyrgðina þaðan sem hún á heima, þ.e. frá gerandanum, og færa hana yfir til þolanda. Það gefur því auga leið að strákar verða að fá þessa fræðslu líka. Ekki eingöngu vegna þess að þeir geta verið þolendur heldur einnig vegna þess að þeir geta verið gerendur.⁵⁸ Fræðsla sem þessi verður að vera fordómalaus og byggja á fagþekkingu. Stelpur eiga oft auðveldara með að setja sig í spor stráka en öfugt⁵⁹ og kvenskyns þolendur eiga það til að afsaka

⁵⁴ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁵⁵ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁵⁶ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁵⁷ sbr. Forliti o.fl. 1991:126-128

⁵⁸ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁵⁹ sbr. Kruse 1991:68

ofbeldismanninn og benda á að honum hafi gott eitt gengið til. Þess vegna er mjög mikilvægt að reyna að kynjaskipta hópnum í þessari umfjöllun svo að stelpur og strákar geti komið með spurningar út frá sínum forsendum.

Það getur verið erfitt fyrir börn og unglinga að gera sér grein fyrir þessum hlutum enda eru þau sjaldan frædd um kynferðislegt ofbeldi. Samfélagið ber einnig með sér ýmsar goðsagnir sem ekki eiga við nein rök að styðjast. Þeir sem vinna með börnum hafa, sem betur fer, oft fengið fræðslu um sífjaspell og annað kynferðislegt ofbeldi sem fullorðnir beita börn. Ekki eru þó miklar líkur á að slík umræða nái til þolenda nema þá þeirra sem eldri eru. Fræðsla í skólum hefur verið af skornum skammti þó að margir kennarar hafi unnið brautryðjendastarf í slíkum málum.

3.2 Hvað er kynferðislegt ofbeldi?

Kynferðislegt ofbeldi getur verið margs konar. Það getur haft ýmsar birtingarmyndir, s.s. í myndum, texta, orðum eða athöfnum.⁶⁰ Í stuttu máli er talað um kynferðislegt ofbeldi þegar;

- sú/sá sem það beinist að upplifir það, þegar það á sér stað eða síðar, sem ógnun, þvingun eða árás
- það lítillækkar, skaðar eða veldur þolanda óþægindum og gerir þeim ómögulegt að hafa stjórn í nánnum samskiptum.⁶¹

Þegar kynferðislegt ofbeldi á sér stað eru gerendur hátt í 99% tilvika karlar og þolendur nánast alltaf konur eða börn.⁶² Oft hefur verið haldið fram að þessir karlar hljóti að hafa einhver sameiginleg einkenni. Til dæmis að þeir séu geðrænt sjúkir, búi við mikið andlegt álag, misnoti áfengi eða lyf eða hafi sjálfir orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Jafnvel hefur verið gengið svo langt að halda því fram að þeir beiti ofbeldinu vegna þess að þeir hafi ekki stjórn á kynhvötinni. Engin þessara skýringa stenst þó að vissulega séu til kynferðisofbeldismenn sem einhver þessara einkenna eiga við. Þrátt fyrir miklar rannsóknir hefur ekki tekist að einangra persónuleika einkenni né lífsreynslu sem leiðir til þess að einstaklingur beitir kynferðisofbeldi.⁶³ Í

⁶⁰ sbr. *Nauðgun* 2001:4

⁶¹ sbr. Guðrún Jónsdóttir [án árs]:49

⁶² sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁶³ sbr. *Nauðgun* 2001:4-8

Ársskýrslu Stígamóta 2002 (2003)⁶⁴ kemur fram að á 13 starfsárum hafa leitað til þeirra 3.505 þolendur kynferðisafbrotá. Ofbeldismennirnir í þessum málum eru 5.141 talsins. Sem fyrr segir eru gerendurnir langoftast karlar. Gerendur í þeim málum sem borist hafa Stígamótum eru 2,43% íslenskra karla. Þetta er aðeins toppurinn á ísjakanum enda leita mörg fórnarlömb sér aðstoðar annars staðar og önnur kjósa að bera leyndarmálið að eilífu.⁶⁵

Það eru til nokkrar kenningar um orsakir kynferðisofbeldis. Fyrst ber að nefna sálfræðilegar kenningar sem gera ráð fyrir að skýringa fyrir ofbeldinu sé að leita hjá einstaklingum, þ.e. þolanda og geranda. Í öðru lagi eru svokallaðar fjölskyldukerfiskenningar en í þeim er skýringa leitað í samskiptum fjölskyldunnar og allir fjölskyldumeðlimir gerðir ábyrgir fyrir ofbeldinu. Í þriðja lagi má tala um femínískar (kvennapólitískar) kenningar en þar er skýringanna fyrst og fremst leitað í samfélagsgerðinni. Sá valda- og stöðumismunur sem kynmótunin leiðir af sér spilar stóran þátt. Þeir sem beita ofbeldinu nota það sem stjórnþæki til að ná valdi yfir fórnarlambinu. Kynferðisleg fullnæging er ekki takmarkið heldur aðeins það að lítillækka, ráða yfir og hafa taumhald og vald yfir fórnarlambinu. Femínískar kenningar eru taldar falla best að reynslu þeirra sem beitt hafa verið kynferðisofbeldi og þar af leiðandi verður stuðst við þær kenningar í þessari umfjöllun.⁶⁶

Kynferðislegt ofbeldi er oft flokkað eftir því gegn hverjum það beinist. Annars vegar er talað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum, sem fjallað er um í kafla 3.3, en hins vegar um nauðganir sem fjallað er um í kafla 3.4. Áður fyrr táknaði orðið sifjaspell kynferðislega misnotkun þar sem gerandi og þolandi eru tengdir ættarböndum. Hins vegar hefur merking þessa orðs víkkað og sifjaspell því skilgreint sem „...allt kynferðislegt atferli milli einstaklinga, sem tengdir eru tengslum trausts, og þar sem annar aðilinn vill ekki slíkt atferli, en er undirgefinn og háður ofbeldismanninum á einhvern máta.“⁶⁷ Sifjaspellshugtakið getur valdið nokkrum misskilningi og því verður hér talað um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum en stuðst við sömu skilgreiningu. Nauðgun er aftur á móti þegar einhver þrengir sér eða gerir tilraun til að þrengja sér inn í líkama annarrar manneskju gegn vilja hennar. Þar með

⁶⁴ Stígamót eru samtök kvenna og barna sem hafa orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi. Þetta eru öflug samtök og vinna jafnframt ótullega að réttindabaráttu brotaþola. Til Stígamóta leita um 4-500 einstaklingar árlega. Stígamót gefa á hverju ári út ársskýrslu og þó að ekki sé unnt alhæfa út frá henni um öll kynferðisofbeldismál má ætla að þau gefi nokkuð raunsanna mynd af því sem á sér stað.

⁶⁵ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁶⁶ sbr. Ársskýrsla Stígamóta 2002 2003:1

⁶⁷ Ársskýrsla Stígamóta 2002 2003:12

brytur ofbeldismaðurinn sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstjórn manneskjunnar á bak aftur.⁶⁸ Þegar talað er um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum eru börn allir einstaklingar sem eru yngri en 18 ára og málin varða þá Barnahús og barnaverndaryfirvöld. Nauðganir varða hins vegar dómsstólana en að sjálfsögðu eru mörg mál sem falla undir báða flokkana. Í sinni víðustu mynd flokkast klám, vændi og mansal einnig undir kynferðisofbeldi⁶⁹ en það er ekki viðfangsefni hér þar sem umfang verksins hefði þá orðið mun meira.

3.3 Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum

Þegar talað er um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er átt við að þolandinn sé yngri en 18 ára. Börn eru oft vöruð við ókunnugum körlum og hættunni sem getur stafað af þeim. Hins vegar er gerandinn nánast alltaf, í allt að 100% tilvika, einhver sem börnin þekkja vel og treysta.⁷⁰ Oftast er um að ræða feður, stjúpfeður, afa, bræður, frændur, kennara, nágranna eða karla í fjölskyldum sem hafa tekið börn í tímabundið fóstur. Sami ofbeldismaðurinn hefur oft misnotað fleiri en eitt barn. Gerendur koma úr öllum stéttum samfélagsins, bæði borg og sveit. Menntunar- og trúarlegur bakgrunnur er mismunandi sem og aldur.⁷¹ Þolendurnir geta jafnframt verið úr hvaða fjölskyldu sem er. Til eru margar mismunandi tölur um hversu stór hluti barna verður fyrir kynferðislegu ofbeldi. Í þessu er aðeins eitt sem er víst og það er að ofbeldi sem þetta er mun algengara en flestir halda. Eins og nefnt er hér að framan er ályktað að á Íslandi séu 23% stelpna og 8% drengja misnotuð kynferðislega.⁷² Það má þó leiða líkur að því að strákar segi síður frá en stelpur en það getur átt sér margar skýringar.

Þegar kvennahreyfingar spruttu upp víða um heim komu konur saman og báru saman reynslu sína. Þær komust að því að margar þeirra höfðu verið misnotaðar kynferðislega og í framhaldi af því var komið á fót ýmsum stofnunum sem áttu að berjast gegn þessari misnotkun og aðstoða fórnarlömb.⁷³ Dæmi um slíka stofnun hér á landi er Stígamót sem voru opnuð 8. mars 1990.⁷⁴ Karlar eiga sér ekki slík samtök og komu ekki saman til að deila sameiginlegri reynslu sinni. Stundum er því haldið fram að kynferðislegt ofbeldi leiki stráka ekki eins grátt og stelpur. Það eru miklar

⁶⁸ sbr. *Ársskýrsla Stígamóta 2002* 2003:12

⁶⁹ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁷⁰ sbr. *Ársskýrsla Stígamóta 2002* 2003:27

⁷¹ sbr. Guðrún Jónsdóttir [án árs]:50-51 og Guðrún Jónsdóttir 1999:17

⁷² sbr. *Morgunblaðið* 2002b

⁷³ sbr. Nyman 1999:28

⁷⁴ sbr. *Ársskýrsla Stígamóta 2002* 2003:1

ranghugmyndir enda ómögulegt að fullyrða um að ákveðin áföll hafi minni áhrif á einn fremur en annan.⁷⁵

Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum getur staðið mislengi. Allt frá einu skipti og upp í endurtekin brot í meira en 10 ár. Það er þó ekki fjöldi brota sem hefur mest áhrif á hvernig barnið upplifir afleiðingar ofbeldisins heldur það að það hafi átt sér stað. Börn eru oftár en ekki treg til að segja frá ofbeldinu og talið er að um 70% þeirra segi ekki frá. Þar er margt sem spilar inn í. Börnin taka oft á sig alla ábyrgðina og leita skýringa innra með sér. Skömmin og sektarkenndin halda þeim í heljargreipum. Við bætist óttinn við reiði ofbeldismannsins og/eða að fjölskyldan flosni upp. Oftár en ekki er barninu mútað og það sannfærast um að enginn muni trúa frásögninni.⁷⁶ Í kafla 3.5 er fjallað nánar um afleiðingar kynferðisofbeldis.

Það er mikilvægt að allir sem koma að börnum fylgist vel með þeim skilaboðum sem þau senda okkur. Börn tjá sig ekki einungis með orðum heldur einnig í gengum myndir, ljóð, sögur og leiki.⁷⁷ Þó er einnig mikilvægt að trúa ekki öllu því sem barnið segir. Hugsanlega dregur barnið úr því sem átti sér stað eða segir jafnvel að ekkert hafi átt sér stað.⁷⁸ Barn sem segir frá ofbeldi sem þessu má hins vegar aldrei gjalda þess vafa sem kann að koma upp.⁷⁹ Að sjálfsgöðu vill ekkert okkar að eins vöndur hlutir finnast í heiminum eins og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum en það hjálpar engum að afneita vandanum.

3.4 Nauðgun

Það eru allir sammála um að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum ætti aldrei að líðast en einhvern veginn breytist umræðan alltaf þegar ofbeldið beinist gegn eldri einstaklingum og þá er það talið kynferðislegra. Allir eru sammála um að barn geti ekki borið hönd yfir höfuð sér en eitthvað greinir fólk á um hvort konur geti það, jafnvel er gengið svo langt að deila ábyrgðinni jafnt á geranda og þolanda.⁸⁰ Þar af leiðandi hafa myndast ýmsar goðsagnir í kringum nauðganir sem ganga út á það að réttlæta glæpinn á einn eða annan hátt. Í bæklingi Stígamóta um nauðganir er talað um fimm goðsagnir sem hafa verið einna lífseigastar.

⁷⁵ sbr. Nyman 1999:32

⁷⁶ sbr. Guðrún Jónsdóttir [án árs]:51-52] og Guðrún Jónsdóttir 1999:19

⁷⁷ sbr. Guðrún Jónsdóttir 1999:24

⁷⁸ sbr. Nyman 1999:33

⁷⁹ sbr. Vígdís Erlendsdóttir 1999:67

⁸⁰ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

Fyrsta goðsögnin felur í sér þá hugsanavillu að konur vilji láta nauðga sér. Að þegar þær segi nei meini þær í rauninni já. Staðreyndin er hins vegar sú að engin kona vill láta nauðga sér. Konur lýsa nauðgun sem því hræðilegasta sem fyrir þær hefur komið og það er harla ótrúlegt að einhver njóti slíkrar reynslu. Hugsanlega hafa sumar konur fantasíur um draumaprinsinn sem tekur þær án vilja en slíkar fantasíur eiga ekkert skylt við ofbeldisglæpinn. Í fantasíunni stjórnar konan öllum aðstæðum. Hún velur draumaprinsinn og ákveður stað og stund. Þar er enginn sársauki, enginn ótti og ekkert ofbeldi. Í nauðgun hefur hún enga stjórn.

Önnur goðsögn gengur út á það að konur eigi nauðgunina skilið. Að þær geti sjálfum sér um kennt vegna einhverrar hegðunar. T.d. að þær hafi verið of drukknar, gefið karlmanni undir fótinn, verið einar að þvælast eða þegið bílfar með ókunnugum. Algengasta skýringin er þó sú að konurnar hafi bara klætt sig allt of kynæsandi.⁸¹ Ef þetta er rétt, að nauðgarar hreinlega ráði ekkert við sig þegar þeir sjá fáklæddar konur, þá er nú helst til undarlegt að það séu ekki fleiri nauðganir á sundstöðum en þar eru konur jafnan léttklæddastar. Í þessu felst einnig goðsögn um gerandann. Að hann sé í raun fórnarlamb eigin hvata sem ekki getur séð kynþokkafulla konu án þess að neyðast til þess að ráðast á hana til að fullnægja eigin þörfum.⁸² Það er ekki hægt að réttlæta nauðgun á einn eða annan hátt, nauðgarinn er einn ábyrgur gerða sinna. Án tillits til aðstæðna á kona eða karl rétt á að segja nei hvenær sem er.

Þriðja goðsögnin felur í sér að aðeins ákveðnum hópi kvenna sé nauðgað. T.d. fátækum konum, konum sem eru kynferðislega virkar, konum sem lifa áhættusömu lífi eða konum sem hafa áður orðið fyrir kynferðisofbeldi. Þannig er reynt að búa til ákveðna staðalmynd fyrir fórnarlamb nauðgana. En nauðgun fer ekki í manngreinaralít frekar en annað kynferðislegt ofbeldi. Hverjum sem er getur verið nauðgað, hvar sem er og hvenær sem er.

Fjórða goðsögnin reynir að setja ábyrgðina alfarið á þolandann. Hún beinist að því að konur ljúgi því að þeim hafi verið nauðgað. Ástæðurnar eiga að vera að þær vilji hefna sín á árásarmanninum eða að þær séu með samviskubit yfir eigin lauslæti. Erlendar rannsóknir sýna að aðeins 2% af tilkynntum nauðgunum eiga ekki við rök að styðjast. Það er sama hlutfall og í öðrum tilkynntum afbrotum.

Fimmta goðsögnin felur í sér að konur hljóti að hafa áverka ef þeim var nauðgað. Annars hafi þær ekki veitt mótspyrnu og sú sem ekki veitir mótspyrnu hlýtur

⁸¹ sbr. *Nauðgun* 2001: 6

⁸² sbr. Halldór K. Lárusson 2001

að vera samþykkt því sem fram fer. Staðreyndin er hins vegar sú að fæstir nauðgarar beita líkamlegu ofbeldi. Aftur á móti nota þeir hótanir og vopn og margar konur óttast um líf sitt.⁸³

Þessar goðsagnir eru augljóslega til þess eins fallnar að taka ábyrgðina af gerendunum og færa hana yfir á þolendur. Þetta gerir það að verkum að fordómar aukast í garð fórnarlamba og sárri reynslu þeirra af ofbeldinu ásamt ógninni sem af því stafar er afneitað. Nauðgun kemur konu alltaf á óvart. Nauðgun er ekki eitthvert ógnaræði sem grípur karlmann. Talið er að um 80% allra nauðgana séu skipulagðar að hluta til eða að öllu leyti áður en ofbeldismaðurinn lætur til skarar skríða.⁸⁴ Það er einnig undarlegt að goðsagnir sem þessar virðast ekki vera algengar í öðrum afbrotum. Þegar einstaklingur er rændur spyr enginn hvort viðkomandi hafi aðstoðað við ránið eða gert eitthvað sem gaf til kynna að hann vildi láta ræna sig til dæmis verið í of fínum fötum í fátækrahverfi.⁸⁵

Fleiri ranghugmyndir eru til hvað varðar nauðganir. Margir fá fyrst í huga mynd af vondum ókunnugum karlmanni í skuggasundi og vitlausu konunni sem er ein að þvælast. Með aukinni umfjöllun um verslunarmannahelganauðganir hafa þær einnig orðið staðalmynd nauðgana og foreldrar hika við að senda dætur sínar á slíkar hátíðir. Stelpum er gert að passa sig á að vera ekki einar og að vera alltaf í fylgd einhverra sem þær þekkja til að forðast nauðgun. Þetta er að sjálfsögðu enn ein tilraunin til að gera þolandann ábyrgan fyrir ofbeldinu. Það gefur auga leið ef stelpur væru einar um það að sækja útihátíðir væri ekkert um nauðganir á slíkum hátíðum.⁸⁶ Þar að auki hafa þessar stöðluðu myndir af nauðgunum lítið með raunveruleikann að gera.⁸⁷

Líkt og annað kynferðislegt ofbeldi eru nauðganir mun algengari en flestir halda. Það verður aldrei vitað með fullri vissu hversu algengar nauðganir eru enda eru margir þolendur sem aldrei segja frá. Í bæklingi Stígamóta um nauðganir er bent á bandaríska könnun (Koss og Harvey 1991) sem sýnir fram á að um 44% bandarískra kvenna hafi mátt þola nauðgun eða tilraun til nauðgunar. Þó að hér sé aðallega talað um konur sem fórnarlömb nauðgana er rétt að áréttu að körlum er líka nauðgað þó að það gerist mun sjaldnar. Talið er að frá 0,6%-7% karla sé nauðgað en nauðgararnir eru

⁸³ sbr. *Nauðgun* 2001:7

⁸⁴ sbr. *Nauðgun* 2001:4-10

⁸⁵ sbr. *Morgublaðið* 2000

⁸⁶ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁸⁷ sbr. viðauki 5

jafnframt karlar. Þeir eru þó ekki eins líklegir til að segja frá en það virðist sem hrottafengnu líkamlegu ofbeldi sé oft beitt í slíkum nauðgunum.⁸⁸

Ekki er hægt að fá haldbærar upplýsingar um fjölda nauðgana með því að skoða kærur enda eru mjög fáar nauðganir kærðar til lögreglu. Ástæðurnar fyrir því eru margvíslegar. Lagaramminn sem byggt er á er andstæður hagsmunum þolenda og kynferðisafbrotamönnum er sjaldnast refsað. Þolendur vita líka hve goðsagnirnar eru lífseigar og að réttarkerfið hefur sína fordóma þó að þeir fari minnkandi ár frá ári. Auk þess eru margar konur sem ekki gera sér grein fyrir atburðunum fyrr en mörgum árum eftir nauðgunina og sönnunarbyrðin því orðin enn þyngrri.⁸⁹

Það er eflaust erfitt fyrir þá sem ekkert þekkja til kynferðisafbrotamála að ímynda sér hvaða tilfinningar slík árás vekur hjá þolanda og aðstandendum hans. Það mikilvægasta, í þessum málum eins og öðrum, er að gera aldrei lítið úr reynslu þolanda því enginn nema hann sjálfur getur vitað hvaða tilfinningar árásin hefur haft í för með sér.

3.5 Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis

„Kynferðislega misnotuð/aður“ er ekki sjúkdómsgreining í sjálfu sér og reynsla einstaklinga getur verið mjög mismunandi. Einkennin geta verið líkamleg og andleg. Það er ekki til ein algild lýsing á barni sem hefur verið misnotað kynferðislega. Þó benda þeir sem til þekkja á ýmis einkenni sem ættu að hringja viðvörunarbjöllum hjá þeim sem starfa með börn:

- ❖ Ýmis konar hegðunarvandamál.
- ❖ Offita.
- ❖ Alls kyns verkir um líkamann, t.d. höfuðverkur og magaverkur.
- ❖ Svefnerfiðleikar.
- ❖ Árásarhneigð.
- ❖ Kynferðisleg hegðun – algengust hjá stúlkum. Þær nota þann samskiptamáta sem þær þekkja.
- ❖ Proskatruflanir.
- ❖ Athyglisbrestur.

⁸⁸ sbr. *Nauðgun* 2001:9-10

⁸⁹ sbr. *Ársskýrsla Stígamóta* 2002 2003:28 og *Nauðgun* 2001:9

- ❖ Barnið vill ekki fara í leikfimi eða sund. Því finnst það vera skítugt og óttast að aðrir geti séð utan á því það sem hefur gerst.
- ❖ Barnið á fáa vini. Vinátta gengur út á að deila leyndarmálum en misnotað barn á stórt leyndarmál sem það vill alls ekki deila.
- ❖ Sjálfseyðingarhvöt – t.d. að skera sig í hendur eða annars staðar.⁹⁰

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir að þessi einkenni geta átt við barn sem á við önnur vandamál að stríða.⁹¹

Það er erfitt að vinna traust barns sem hefur verið misnotað enda hefur traust þess til fólks verið brotið niður. Þar af leiðandi eru ekki miklar líkur á að barnið fari að tjá sig mikið um tilfinningar sínar. Oft sjást tilfinningar barnsins betur í gegnum teikningar eða leik en þar endurspeglast oft mikið vonleysi, depurð, léleg sjálfsmynd, skömm, sektarkennd og niðurbæld reiði.⁹²

Fullorðnir þolendur sem hafa verið beittir kynferðisofbeldi sem börn lýsa mjög svipuðum tilfinningum og fórnarlömb nauðgana. Þar vegur þyngst á metum skömmin en nánast allir (92,5%) þolendur sem komu til Stígamóta árið 2002 nefna skömm sem eina af afleiðingum kynferðisofbeldis. Þá lýsa yfir 50% þolenda eftirfarandi tilfinningum: Léleg sjálfsmynd, sektarkennd, depurð, erfiðleikar í kynlífi, svipmyndir⁹³, sjálfsvígshugleiðingar, ótti/kvíði, tilfinningalegur doði, einangrun og erfið tengsl við maka eða vin. Það verður að teljast grafalvarlegt að 58% þolenda hafa einu sinni eða oftari verið í sjálfsvígshugleiðingum og 12,2 % hafa gert tilraun til sjálfsvígs.⁹⁴

Viðbrögð sem koma upp stuttu eftir ofbeldið geta verið mjög mismunandi. Engin viðbrögð eru rétt eða röng. Öll viðbrögð eru eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum.⁹⁵ Sjálfsásökun er mjög algeng, bæði hjá börnum og fullorðnum. Þolendur hugsa stöðugt um það sem þeir hefðu eða hefðu ekki átt að gera og kljást við ósanngjarnar spurningar um orsök ofbeldisins.⁹⁶ Þarna innhverfast nefnilega þau boð

⁹⁰ sbr. Nyman 1999:32 og Rúna Jónsdóttir 2003-04-26

⁹¹ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁹² sbr. Guðrún Jónsdóttir [án árs]:52

⁹³ Svipmyndir vísa til þess sem á ensku kallast *flash back* en það eru myndir tengdar ofbeldinu sem koma skyndilega og án fyrirvara upp í huganum og valda miklu hugarangri

⁹⁴ sbr. *Ársskýrsla Stígamóta 2002* 2003:24-25

⁹⁵ sbr. *Nauðgun* 2001:12 og Vigdís Erlendsdóttir 1999:67

⁹⁶ sbr. *Nauðgun* 2001:14 og Nyman 1999:31-32

sem samfélagið hefur innprentað okkur og fórnarlambið gerir allt til þess að finna sökina hjá sjálfu sér.⁹⁷

Það er því ekki að furða að fullorðnum þolendum gangi oft illa að fóta sig í lífinu. 40-60% þeirra sem leita til Stígamóta á hverju ári hafa áður leitað aðstoðar í geðheilbrigðiskerfinu. Verulegur hluti þeirra sem eiga við geðræna erfiðleika að stríða eiga sér sögu sem þolendur kynferðisofbeldis. Því miður hafa margir fagaðilar oft ekki nægilega þekkingu til að veita þolendum aðstoð og stuðning enda hefur þessi veigamikli þáttur ef til vill ekki skipað stóran sess í fagmenntuninni. Skrif fagmanna hafa oftast en ekki verið tilraunir til að skýra ofbeldið með því að gera fórnarlambið eða fjölskylduna ábyrga. Ef ekki hefði verið fyrir vitundarvakningu kvenna-hreyfingarinnar stæðum við eflaust enn í þeirri trú að kynferðislegt ofbeldi væri undantekning fremur en hitt.⁹⁸

Kynferðislegt ofbeldi hefur ekki eingöngu áhrif á þann sem er þolandi heldur á alla aðstandendur. Sennilega eru áhrifin á samskipti kynjanna einna mest. Þolendur hafa oft neikvæðar tilfinningar gagnvart líkama sínum og þær hafa vitanlega áhrif á manneskjuna sem kynveru. Kynlífserfiðleikar hafa að sjálfsögðu mikil áhrif á náð samband fólks en gagnkvæmur skilningur er væntanlega mikilvægasta vopnið í þeirri baráttu.⁹⁹

Líf þess sem hefur orðið þolandi kynferðislegs ofbeldis er ekki búið. Líkt og með önnur áföll, t.d. náttúruhamfarir og ástvinamissi, er hægt að læra að lifa með áfallinu. Það er í raun ekki undarlegt að fórnarlömb kjósi að þegja yfir atburðunum. Í fyrsta lagi er þetta mikið áfall og það getur tekið tíma að ná áttum. Í öðru lagi sýnir reynslan fram á að það er mjög erfitt að fá réttlætinu fullnægt. Í þriðja lagi eru skilaboðin oft þau að lífi þess sem var þolandi sé lokið. Það er mikilvægt að allir geri sér grein fyrir að kynferðislegt ofbeldi er mikið áfall en með réttri aðstoð og stuðningi er hægt að ná tökum á lífi sínu að nýju.¹⁰⁰ Kynferðisafbrot breytast ekki fyrr en fleiri einstaklingar fá tækifæri til að segja frá og að ábyrgðin verður sett þar sem hún á heima.¹⁰¹

⁹⁷ sbr. Rúna Jónsdóttir 2003

⁹⁸ sbr. Aðalsteinn Sigfússon [án árs]:45 og Guðrún Jónsdóttir [án árs]:52

⁹⁹ sbr. *Nauðgun* 2001:15

¹⁰⁰ sbr. Halldóra Halldórsdóttir 2003

¹⁰¹ sbr. Guðrún Jónsdóttir 1999:26

Að kenna 3. kafla

Það sem þarf að hafa í huga:

- ❖ Á að kenna í kynjaskiptum hópi?
- ❖ Það geta verið þolendur í hópnum.
- ❖ Það geta verið gerendur í hópnum.
- ❖ Ræða við nemendur um umfjöllunarefnið sem er framundan. Ef einhver vill ekki taka þátt þá þarf að virða það. Kennari getur hugsanlega verið tilbúinn með úrræði fyrir nemendur sem vilja ekki vera með. T.d. einhver verkefni eða slíkt.
- ❖ Látta aðra kennara og starfsmenn vita að því sem verður fjallað um í skólastofunni. Sérstaklega skal rætt við námsráðgjafa, sálfræðing og hjúkrunarfræðing.
- ❖ Gera nemendum grein fyrir að þessir aðilar eru tilbúnir að veita þeim viðtöl.
- ❖ Aldrei krefja neinn nemanda svara við spurningum heldur leyfa þeim að tala sem rétta upp hönd.

Hugmyndir að verkefnum:

- ❖ *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum*: Hópurinn les saman einhverja frásögn af kynferðislegu ofbeldi gegn barni/börnum. Í framhaldi af því er rætt um ofbeldið. Spyrjið nemendur út í frásögnina. Hvað finnst þeim? Ræðið gerendur og þolendur. Sérstaklega á að ræða þau mörk sem hver einstaklingur setur sér. Sýnið nemendum hvernig maður getur brotið þau mörk, t.d. með því að standa of nálægt þeim sem talað er við. Hugmynd að texta:
 - Valdur kafli úr *Launhelgi lyganna* eftir Baugalín (dulnefni).¹⁰²
 - Með kaflanum fylgja punktar sem kennarinn getur haft til stuðnings við umræður um kaflann.
- ❖ *Goðsagnir og staðreyndir*: Nemendur fylla út blaðið *Hvað veist þú um nauðganir?*¹⁰³ Þau skila því ekki til kennara heldur er hver staðhæfing fyrir sig rædd í hópnum. Dreifið svo blaðinu um goðsagnir og staðreyndir.¹⁰⁴

¹⁰² sbr. viðauki 6

- ❖ *Ljóð*: Nemendur lesa ljóð sem tengjast kynferðislegu ofbeldi og ræða innihald þeirra. Til eru margs konar ljóð sem passa við efnið en með þessu verki fylgja þrjú ljóð úr bókunum *Nema ljóð og sögur VI* (2000) og *Nema ljóð og sögur VIII* (sem kemur út í maí 2003).¹⁰⁵
- ❖ *Reynslusögur*: Nemendur fá í hendurnar reynslusögu/-ur fórnarlamba nauðgana. Þetta verkefni gæti verið góður undanfari tilfinningaverkefnisins. Nemendur lesa sögurnar (heima eða í skólanum) og svo er efnið rætt. Kennarinn þarf að spyrja spurninga en dæmi um þær er að finna aftan við hverja sögu. Athugið að spurningarnar eru bara til hliðsjónar fyrir kennarann til að leiða umræðuna. Kennarinn verður að leyfa umræðunni að þróast þó að einhverjum spurningum sé sleppt eða öðrum bætt inn. Reynslusögur sem þessar er hægt að nálgast víðs vegar en hér fylgja þrjár sögur sem birtust í *Morgunblaðinu* 3. ágúst 2000:
 - „Ég þarf að læra að treysta á ný“.¹⁰⁶
 - „Mig langaði að skilja allar minningarnar eftir og byrja nýtt líf“.¹⁰⁷
 - „Líkaminn hefur sitt minni“.¹⁰⁸
- ❖ *Tilfinningaverkefni*: Kennarinn skrifar *kynlíf* öðrum megin á töfluna og *kynferðislegt ofbeldi* hinum megin. Undir kynferðislega ofbeldinu eru tveir dálkar, annar heitir þolandi (fórnarlamb) hinn heitir gerandi (ofbeldismaður). Kennarinn er með miða með tilfinningum og hugtökum sem á einn eða annan hátt tengjast kynlífi eða kynferðislegu ofbeldi.¹⁰⁹ Nemendur eru tveir og tveir saman og draga 2-3 miða og fá smátíma til að ákveða í hvaða flokki tilfinningin/hugtakið á heima. Kennarinn skráir svo upplýsingarnar frá nemendum og þeir fá tækifæri til að rökstyðja ákvörðun sína. Að lokum er listinn ræddur: Eru allir sammála? Hvers vegna? Hvers vegna ekki? Gott væri að skipa 3 ritara sem skrá upplýsingar úr hverjum flokki fyrir sig. Þá væri hægt að hengja listann upp í skólastofunni og/eða fjölríta hann svo að hver og einn geti átt hann. Þarna getur kennarinn notað tækifærið og rætt mörkin milli kynlífs og nauðgana. Sérstaklega þá staðreynd að allir eiga rétt á að segja nei

¹⁰³ sbr. viðauki 7

¹⁰⁴ sbr. viðauki 5

¹⁰⁵ sbr. viðauki 8

¹⁰⁶ sbr. viðauki 9

¹⁰⁷ sbr. viðauki 10

¹⁰⁸ sbr. viðauki 11

¹⁰⁹ sbr. viðauki 12

hvenær sem er og í hvaða aðstæðum sem er. Kennarinn getur haft til hliðsjónar blað um muninn á kynlífi og kynferðislegu ofbeldi.¹¹⁰

- ❖ *Heimsókn:* Hægt er að heimsækja Neyðarmóttöku vegna nauðgana, Stígamót í Reykjavík eða Aflið á Akureyri. Það er líka mögulegt að fá fulltrúa frá þessum stöðum í heimsókn.
- ❖ *Listþerapía:* Þetta verkefni er mögulegt að vinna að lokinni umfjöllun um kynferðislegt ofbeldi en það getur hjálpað nemendum að vinna úr því sem þeir hafa lært. Það er nauðsynlegt að vinna þetta verkefni í smærri hópum og helst í tveimur samliggjandi kennslustundum. Hugsanlega er hægt að hafa samráð við myndmenntakennara en margir þeirra þekkja til listþerapíu. Nemendur sitja einn og einn og fá 40-60 mínútur til að mála, teikna eða lita. Það er mikilvægt að nóg sé af litum og pappír. Nemendur eiga að vinna í algjörri þögn og kennarinn getur byrjað á að gera samning við hvern nemanda fyrir sig um að hafa þögn. Sérstök áhersla er á að þetta er ekki keppni um flottustu myndina heldur að teikna eða mála það sem þeim dettur í hug. Að því loknu sýna allir nemendur sín verk og segja frá því hvað var þeim efst í huga við gerð myndarinnar/myndanna.
- ❖ *Hugmyndir að lesefni*, fyrir nemendur og kennara, sem tengist 3. kafla:
 - *Launhelgi lyganna* eftir Baugalín (dulnefni) (2000).

¹¹⁰ sbr. viðauki 13

Lokaorð

Kennsla um jafnrétti kynjanna er svo víðfemt efni að ekki er mögulegt að gera því ítarleg skil í riti sem þessu. Þetta er þó ein tilraun til að gera nemendum kleift að setja upp gleraugu femínistans sem sér samfélagið í kynjafræðilegu ljósi. Með því er átt við að nemandinn sé fær um að sjá birtingarmyndir þess valdaójafnvægis sem ríkir milli kynjanna ásamt því að taka eftir þeim þáttum sem beinast að því að viðhalda ójafnvæginu. Til þess að skilja stöðu kynjanna í dag þarf að horfa til baka og sjá hvar við stóðum áður og hvernig við stöndum í dag. Þegar nemendur eru færir um að skilja mátt kynmótunar geta þeir sjálfir valið hvaða skilaboð frá samfélaginu þeir taka til sín og hvaða skilaboð þeir láta liggja milli hluta.

Það er von að þetta efni geti einhverju breytt um meðvitund fólks um kynferðislegt ofbeldi og tengsl þess við misrétti kynjanna. Því miður eru litlar líkur á því að okkur takist að koma algjörlega í veg fyrir ofbeldið en hins vegar er líklegt að þegar nemendur hafa fengið tækifæri til að taka þátt í umræðum um þessi málefni verði fleiri sem skilja mörkin milli kynlífs og kynferðislegs ofbeldis. Þannig er mögulegt að gerendum fækki en um leið greiðum við leið þolenda til að leita sér aðstoðar og til að segja frá. Langflest fórnarlömb kynferðislegs ofbeldis lýsa skömminni sem erfiðustu afleiðingum ofbeldisins. Með því að beina sjónum að gerendum er mögulegt að þessi skömm yfirgefi þolandann og fari á sinn stað, til gerandans.

Í dag er umfjöllun um málefni kynjanna mun meiri en áður var. Umræðan í þjóðfélaginu er markvissari en betur má ef duga skal. Skólinn verður að sinna þessari fræðsluskyldu eins og annarri því að hann er eina stofnunin sem hefur möguleikann til að ná til heilu kynslóðanna. Aukin fræðsla er lykillinn að bættu samfélagi á þessu sviði sem öðrum.

Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. Lífsleikni.* 1999. Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.
- Aðalsteinn Sigfússon. [Án árs]. „Barnavernd og kynferðislegt ofbeldi.“ *Mannréttindi barna*, bls. 44-48. Ritroð Barnaheilla 1. [Án útgáfufyrirtækis og útgáfustaðar].
- Atkinson, Rita L., Richard C. Atkinson og Ernest R. Hilgard. 1988. *Sálfræði II*. 8. útgáfa. Konráð Ásgrímsson þýddi. Iðunn, Reykjavík.
- Ársskýrsla Stígamóta 2002.* 2003. Stígamót, Reykjavík.
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. 2003, 17. mars. [1989]. Vefslóð:
<http://www.barnaheill.is/barnasattmali.html>
- Barnaverndarlög nr. 80/2002, 10. maí.
- Colwill, Nina L. 1982. *The New Partnership – Women and Men in Organizations*. Mayfield Publishing Company, [án útgáfustaðar].
- Dagný Kristjánsdóttir. 2003, 25. apríl. [1998]. „Skápur, skápur, herm þú mér...“ Kistan. Vefslóð: <http://www.kistan.is/>
- Femínistinn. 2003, 22. apríl. „Stefnuskrá Femínistafélags Íslands.“ Vefslóð:
<http://www.feministinn.is/>.
- Forliti, John, Lucy Kapp, Sandy Naughton og Lynn Young. 1991. *Kynfræðsla: Lífsgildi og ákvarðanir. Kennarahandbók*. Bogi Arnar Finnbogason þýddi og staðfærði. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Geir Svansson. 1998. „Kynin tvö/Kynstrin öll. Um kynusla, kyngervisútlaga og efni(s)legar eftirmyndir.“ *Flögð og fögur skinn*, bls. 124-140. Ritstjóri Jón Proppé. Íslenska menningarsamsteypa, Reykjavík.
- Guðný Guðbjörnsdóttir. 1994. „Sjálfsmyndir og kynferði.“ *Fléttur – rit Rannsóknastofu í kvennafræðum*, bls. 135-200. Ritstjórar Ragnhildur Richter og Þórunn Sigurðardóttir. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Guðrún Friðgeirsdóttir og Margrét Jónsdóttir. 1995. *Uppeldi. Kennslubók fyrir framhaldsskóla*. Mál og menning, Reykjavík.
- Guðrún Jónsdóttir. [Án árs]. „Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.“ *Mannréttindi barna*, bls. 48-54. Ritroð Barnaheilla 1. [Án útgáfufyrirtækis og útgáfustaðar].
- Guðrún Jónsdóttir 1999. „Hvað vitum við um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum hér á landi?“ *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum*, bls. 17-26. Ritroð Barnaheilla 4. Barnaheill, Reykjavík.

- Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir. 2000. *Jafnréttishandbók fyrir starfsfólk skóla*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Halldór K. Lárusson. 2001. „Er í lagi að nauðga?“ *Morgunblaðið*, 11. desember.
- Halldóra Halldórsdóttir. 2003, 17. mars. „Að sjálfsögðu er það ekki þannig!“ [2003]. Stígamót. Vefslóð: <http://stigamot.is/Apps/WebObjects/Stigamot.woa/wa/dp?detail=1000054&id=1000058>
- Helga Baldvinsdóttir Bjargadóttir. 2002. „Femínismi – Hvað er það?“ *Vera* 1:16-18.
- Herdís Helgadóttir. 1996. *Vaknaðu kona! Barátta rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli*. Skjaldborg, Reykjavík.
- Ingólfur V. Gíslason. 1997. „*Karlmenn eru bara karlmenn*“ . *Viðhorf og væntingar íslenskra karla*. Skrifstofa jafnréttismála, Reykjavík.
- Kruse, Anne-Mette. 1991. „Metoder til fremme af ligeværd.“ *Ligeværd – Manfoldighed. Om ligestilling i skolen*, bls. 66-80. Ritsj. Gudrun Pedersen og Kirsten Reisby. Danmarks Lærerhøjskole, Århus.
- Kvennasögusafn Íslands. 2003, 17. mars. „Ártöl og áfangar í sögu íslenskra kvenna.“ Vefslóð: <http://www.kona.bok.hi.is/>.
- Lög nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, 22. maí.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 1992. *Æfingin skapar meistarann. Leikskóli fyrir stelpur og stráka*. Mál og menning, Reykjavík.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 1998. „Kynjaskipting á leikskólanum „Hjalla““. *Líkt og ólíkt. Kynjavíddin í uppeldisfræðilegri hugsun og starfi*, bls. 59-72. Ritsj. Anne Lise Arnesen. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 2003a, 22. apríl. „Hvort fékkstu ... ?“ [1996]. Leikskólinn Hjalli. Vefslóð: <http://www.leikskolinn.is/hjalli/>.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 2003b, 29. apríl. „Kyn-legt uppeldi.“ Leikskólinn Hjalli. Vefslóð: <http://www.leikskolinn.is/hjalli/>
- Morgunblaðið*. 2000. „Flestar nauðganir á sumrin.“ 3. ágúst
- Morgunblaðið*. 2002a. „Launamunur og verkaskipting kynjanna.“ 8. september.
- Morgunblaðið*. 2002b. „17% barna misnotuð fyrir 18 ára aldur.“ 17. september.
- Nauðgun*. 2001. Guðrún Jónsdóttir tók saman í samvinnu við konur á Stígamótum. Stígamót, Reykjavík.

- Nyman, Anders. 1999. „To Make Reality Real“. *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum*, bls. 27-38. Ritroð Barnaheilla 4. Barnaheill, Reykjavík.
- Ragnhildur Bjarnadóttir. 1996. „Kynferði, jafnrétti og þroski barna.“ *Uppeldi og menntun. Tímarit Kennaraháskóla Íslands*, 5:105-120. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands, Reykjavík.
- Robertson, Ian. 1987. *Félagsfræði II*. Ágústa Oddsdóttir þýddi og staðfærði. Íðunn, Reykjavík.
- Rúna [Guðrún] Jónsdóttir. 2003. Viðtal höfundar við Rúnu Jónsdóttur starfskonu Stígamóta um kynferðislegt ofbeldi, 28. mars.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. 2001. *Kvenna megin*. Íslensk heimspeki. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Sigríður Þorgeirsdóttir. 2003, 30. mars. „Simone de Beauvoir – Móðir femínismans.“ Vefslóð: <http://www.mbl.is/serefni/debeauvoir/>
- Sigurjón Mýrdal. 2000. Glósur úr kennslustund í Inngangi að uppeldisfræðum, 18. september. Kennaraháskóla Íslands. Glósur: Halla Gunnarsdóttir.
- Unnur Karlsdóttir. 1993. „Konur eiga að vera mæður.“ *Sagnir. Tímarit um söguleg efni* 13:24-33.
- Vigdís Erlendsdóttir. 1999. „Barnahús: Hlutverk þess og starfsemi.“ *Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum*, bls. 63-67. Ritroð Barnaheilla 4. Barnaheill, Reykjavík.

Viðauki 1

Ljóð úr bókinni *Janus²* (1986)

ég er eiginkona
og móðir
sagðir þú
það er skylda mín
að sinna heimilinu

festir þig
við eldavélina
og hjónarúmið

ferð í lagningu á föstudögum
talar um föt og ferðir til útlanda
safnar silfri og postulíni

sýnir aldrei neinum
undir vel snyrt yfirborð þitt
og grætur
ein í myrkrinu
- þér lærðist of seint
að enginn
lifir lífi annarra

hjálpaðu mér
ég er þreytt
þetta var svo erfiður dagur
sjálfsagt góða mín
ég skal borða sjálfur

ó hann er svo duglegur
og góður
hann ryksugar
oft fyrir konuna sína
hugsar um börnin sín
fyrir'ana
ó hann er svo duglegur

og hún verður að muna
að þakk'onum
hrós'onum
og vera ofsalega góð við'ann
- í staðinn

hef ég þá unnið kvenmannsverk
alla ævi
sagði presturinn
örvilnaður
þegar hann kvaddi söfnuðinn
og kona
sótti um brauðið

Jórunn Sörensen

Viðauki 2

Ljóð úr bókinni

Nýgræðingar í ljóðagerð 1970-1981 (1983)

... og bræðralag

Í sósíalísku samfélagi
verða allir frjálsir
líka konur
sagði hann
um leið og hann skundaði út
á fund um jafnrétti kynjanna
og skildi hana eftir eina
með uppvaskið
og börnin

Sonja B. Jónsdóttir

Kona

Þegar allt hefur verið sagt
þegar vandamál heimsins eru
vegin metin og útkljáð
þegar augu hafa mæst
og hendur verið þrýstar
í alvöru augnabliksins
- kemur alltaf einhver kona
að taka af borðinu
sópa gólfíð og opna gluggana
til að hleypa vindlareyknum út.

Það bregst ekki

Ingibjörg Haraldsdóttir

Viðauki 3

Veizla undir grjóttvegg *eftir Svövu Jakobsdóttur* Úr bókinni *12 konur* (1965)

Það leyndi sér ekki þegar Snorri gekk inn að húsið var í þann veginn að taka á móti gestum. Það var fyrsta veizla þessa húss; þó virtist það hafa tileinkað sér hátt eldri húsa við sams konar aðstæður. Í loftinu var hraði, eftirvænting, ef til vill örlítill kvíði. Öll tilvera þess virtist miðuð við það eitt sem til stóð.

Það andaði líka til hans þeirri ásökun að hann kæmi of seint heim. Hann hafði tafizt af ástæðum sem hann réð ekki sjálfur við. Það var ekki hann sem réð ferðinni heldur óslitin röð bíla sem siluðust austur Hverfisgötuna, aðrir bílar sem komu úr hliðargötum, rauð ljós. Asfaltið var gljáandi af hálku; það gat verið hættulegt að smeygja sér út úr röðinni. Hann hafði ekki átt annars úrkosta en berast með straumnum. Samt hafði honum verið fróun í því að hann gat ekki flýtt sér meira. Þess vegna fann hann nú til sektar.

Ásökunin kom úr eldhúsinu og blandaðist þar bæði matar- og ilmvatnslykt. Þegjandi fór hann úr frakkanum, tók flösku úr tösku sinni, staðnæmdist svo í eldhúsdyrnum. Konan hans var þegar veizlubúin. Hún stóð við eldavélina í svörtum flegnum kjól, hendurnar hreyfðust hratt milli potta og sleifa. Öryggi hennar reis samstundis eins og veggur á milli þeirra. Gagnstætt vilja sínum fann hann eins og svo oft áður að hér var hann framandi. Það var hún sem hélt veizluna. Á bernskuheimili hans höfðu aldrei verið haldnar veizlur; þar var fólki bara gefið að borða. Það var fólk sem kom úr sveitinni þaðan sem foreldrar hans höfðu flutzt; fólk sem átti margar bæjarleiðir að baki og var matarþurfi. Móðir hans bar á borð hávaðalaust. Aldrei svartur, fleginn kjóll. Aldrei örlögþrungið andrúmsloft eins og borðhaldið væri langþráð lokatakmark eftir erfiða áningarstaði í kjöllumurum og leiguíbúðum.

Í kvöld átti að sýna húsið.

Konan leit við. Hann flýtti sér að láta flöskuna á eldhúsborðið.

Hún leit undan, flóttalega, og hann skammaðist sín. Hann hafði ekki ætlað að vera ruddalegur, en nú hafði hann á nýjan leik vakið deilu morgunsins. Hún hafði fylgt honum inn, hulin umbúðapappír frá áfengisverzlun ríkisins og stóð nú uppstillt á eldhúsborðinu. Einmitt þar hafði hann setið, seinni kaffibollinn fyrir framan hann,

dagblaðið opið á borðinu. Morgunninn hafði ekki skorið sig úr öðrum morgnum fyrir en hann sagðist vera peningalaus; hann ætti ekki fyrir þessari sérríflösku.

Peningalaus? sagði hún.

Samstundis varð ljóst að deilan var í aðsigi. Það var eins og hann hefði eignast aukaskilningarvit sem þefaði þær uppi, fylgdist með komu þeirra. Og á réttri stundu mundi hann forða sér, hluti af honum mundi stíga út úr líkamanum og deilunni og standa utan við; standa svolítið afsíðis og bíða, óhultur. Og þessi hluti þyrfti ekki annað en ganga eitt skref fram, taka af hinum ráðin: hættu nú, því að hann hafði séð allar deilurnar í gær og allar deilurnar á morgun og þekkti tilgangsleysi þeirra. Það óhugnanlega var að hann gerði það ekki, en stóð og beið. Og hlustaði.

Það fór allt í grjótvíxilin í gær.

Vorum við ekki að borga það í síðasta mánuði?

Það var hleðslan.

Geturðu ekki tekið fyrirfram?

Hún talaði um þessar sífelldu betligöngur hans til gjaldkerans eins og þær væru berjaferðir sem hann færi sér til heilsubótar.

Ég er búinn að taka fyrirfram. Og fyrirfram og fyrirfram. Við lifum fyrirfram.

Finnst þér í alvöru hægt að hafa þríréttað án þess að bjóða upp á drykk fyrir matinn?

Hann yppti öxlum.

Ég geri það bara ekki, hún var orðin æst í málrómi, ég held ekki þessa veizlu nema hafa sérrí á undan matnum

Haltu hana þá ekki.

Ég veit ekki til þess að þú hafir haft á móti því fyrir að fá sérrí fyrir mat.

Núna erum við *peningalaus*.

Þú þarft varla að básúna það út eins og það væru einhverjar fréttir. Erum við ekki alltaf peningalaus?

Þá erum við líklega sammála.

Þú lætur svona bara af því það er saumaklúbburinn. Alveg síðan við ákváðum að halda þetta boðt il að sýna þeim húsið...

Ég veit sannarlega ekki af hverju þú heldur því alltaf fram að *mér* sé illa við saumaklúbbinn. Mér finnst alveg sjálfsagt að sýna þeim húsið. Ég kaupir mér hvort sem er ekki nærbuxur að við sýnum þær ekki saumaklúbbnum. Er þetta ekki líka allt eins og þær vildu hafa það ... grjótveggur ...harviðarloft ...parkett og flísar og ...

Hún starði á hann.

Að þú skulir ekki skammast þín. Ég veit ekki betur en við höfum verið sammála um þetta allt.

Vissulega. Ég hef heldur aldrei sagt annað. Þú verður að taka betur eftir.

Hann sá á henni að uppgjöfin var skammt undan. Óskýrum rómi sagði hún að það væri nógu slæmt að garðurinn væri ein og hann var, ekkert nema aur og leðja, og það væri ekki einu sinni spegill í ganginum og nú þetta ...

Mér er svo sem sama um þetta sérrí, sagði hún vonleysislega, það bara ætlast allir til þess.

Hún fór að gráta. Á slíkum stundum varð hann aftur heill. Hann gekk til hennar, rétti út höndina

Við höfum ekki gert annað en rífast síðan við fluttum í þetta hús, snökti hún.

Enn stóð hann hjá henni án þess að snerta hana. Hann horfði þegjandi, fann engin orð sem gætu brúað bilið milli þeirra. Hann gæti sagt að þau hefðu ekki efni á að laga garðinn eða kaupa spegil að svo stöddu; að húsbyggingin hefði verið þeim fjárhagslega um megn; hann gæti sagt að hann óskaði þess heitt og innilega að þau hefðu aldrei lagt fé í flutning á fjallagrjóti austan af landi til að hlaða upp vegg í stofunni. En það var tilgangslaust. Grjótveggurinn stóð þarna, óhagganlegur, miskunnarlaus eins og varða yfir heimsku hans, illa staðsettur skjólveggur þangað sem vindurinn næði aldrei að blása. En þarna stóð hann og guð mátti vita hvers vegna; var það eingöngu vegna þess að hlaðinn grjótveggur þótti finn í nýjum sögum, var mælikvarði á smekk og peninga? – Nei, önnur ástæða hlaut að vera til, bókstaflega mátti til ...

Hann var þreyttur, dauðþreyttur.

Kannski ...

Fingurgómar hans snertu nakinn arm konunnar.

Kannski kunni hann ekki að hlaða lífi sínu annað skjól.

Hann strauk handlegg hennar, laust, varlega. Húðin var þakin fíngerðum, ljósum hárum sem bifudu við snertinguna. Fingur hans léku sér að þessum hárum; þeir fögnuðu snertingunni við mjúkt og nakið hold hennar. Hann langaði til að njóta hennar, svæfa óhuginn í brjósti sér, finna vitund sína heila og óskipta í snertingunni við hana. En af reynslu vissi hann að hér var hvorki staður né stund frekar en nú: hvítur hálsinn, naktar axlirnar undan svörtum, aðskornum kjólnum, svuntuslaufan eins

og rósótt skraut á lendum hennar vöktu líkama hans minningar- um þrá morgunsins. Hann stóð fanginn og ráðalaus á eldhúsgólfinu milli konunnar og sérríflöskunnar....

Ætlaðu ekki að klæða þig áður en gestirnir koma? spurði hún.

Innan klukkutíma voru gestir allir mættir í stofu. Og stofan varð eigendum sínum ekki til skammar. Fögur og hlý hringaði hún sig um gestina; hennar stund var komin. Dauf ljós vörpuðu mildri birtu; gegnum þessa hlýju og hæglátu birtu skutust skærir hlátrar og snöggt blik skartgripa eins og ögrandi leiftur. Sérríglösin spegluðust í silfurbakka; í baksýn grjótið sem var einu sinni í fjalli, en stóð nú tamið og undirgefið í snyrtilegri hleðslu; það greindi að orðstofu og stofu. Sigga var að tala: Ég var einmitt að segja við hann Þorlák á leiðinni hingað að við sæjumst bara allt of sjaldan, öll, meina ég.

Sama segi ég, sagði Elín, við áttum eiginlega miða í leikhúsið í kvöld, en við afþökkuðum. Ég vildi svo þúsund sinnum heldur koma hingað.

Frumskýning?

Hún kinkaði kalli. - Villiöndin. Eftir Ibsen. Maður er nú heldur ekki svo spenntur, ég meina, þetta er ekki beinlínis nýmóðins stykki

Snorri gekk hringinn með silfurbakkann. - Hinn fullkomni gestgjafi segir eitthvað hjartanlegt og fyndið við hvern og einn; sér til gremju fann hann að taugar allar voru spenntar, brosið kostaði átak, allt sem hann sagði féll dautt af vörum hans. Engu var líkara en hann væri að þreyta persónulega eldraun ekki síður en stofan og væri tvísýnt um árangur. Gamalkunnugt öryggisleysi hans gagnvart þessum konum streittist við að ná tökum á honum. Þó var það, ekki rétt að honum væri illa við þær, þennan hóp kvenna, átta talsins (eða voru þær tíu) sem vikulega drógust saman í einum punkti eins og þegar könguló dregur undir sig fæturna. Hann hafði aldrei tekið afstöðu til þeirra, aldrei gefizt kostur á því. Hann hafði eignazt þær um leið og konuna sína, að sér forspurðum. Eða þær hann? Þegar þær mættu hjá konu hans var hann borinn fram eins og hver annar eftirréttur að lokinni kaffidrykkju og látinn heilsa, jafnvarnarláus og vel uppalinn tíu ára drengur sem heilsar gestum móður sinnar. Og þær létu heilsa sér í öryggi sínu sem löggiltir gestir á heimilinu, en sjálfur var hann ekkert, hvorki gestur né gestgjafi. Hann vissi ekki hvað hann var. Jafnvel konan hans var honum ókunnug á slíkum stundum.

Nærvera eiginmanna þeirra nú mildaði vald þeirra. Hann var í fullum rétti sem gestgjafi; hann var þeim þakklátur fyrir það og til þeirrar vitneskju sótti hann styrk. Þó var enginn þessara manna náinn vinur hans. Í rauninni áttu þeir ekki annað sameiginlegt en þennan saumaklúbb. Samt gat hann ekki annað en fundið til samkenndar með þeim: við hátíðleg tækifæri voru þeir dubbaðir upp í sparifötin og látnir skemmta sér saman.

Skál –

Hann tæmdi glasið í einum teyg. Þögn meðan allir drukku.

Dorrý rauf þögnina.

Jáhá, sagði hún hjartanlegum rómi eins og velviljuð kennslukona sem er í þann veginn að tilkynna frí, það verð ég að segja, þetta er alveg dásamlegt hús

Allir fóru að líta í kringum sig líkt og samkvæmt skipun. Snorri varð gripinn undarlegri utanveltukennnd. Út úr vandræðum tók hann að stara á vangaþvipp Freyju. Há kinnbein, beint nef, hárið uppsett í hvirflinum; fögur en fjarlæg, köld. Safngripur þar sem bannað var að snerta munina. Hann hafði heyrt að slíkar konur væru beztar í rúminu. Hvernig nálguðust menn slíkar konur? Tómas, eiginmaður hennar, sat úti í horni og var að hreinsa pípuna sína. Nú leit hann upp. Eitt andartak sá Snorri að Tómas og Freyja horfðust í augu. Aðeins eitt andartak. Og kannski af hendingu einni saman. Síðan hélt Tómas áfram að hreinsa pípuna sína. Hann horfði ekki í kringum sig. Hann tók ekki heldur undir þær loflegu athugasemdir um stofuna og húsið sem stráð var hér og þar í eyru þeirra. Pípuhreinsunin var auðsjáanlega verknaður sem krafðist allrar íhygli og vandvirkni. Snorri fann skyndilega til heiftar gagnvart Tómasi. Því í andskotanum horfði maðurinn ekki í kringum sig? Var hann ekki til þess kominn? En samtímis fannst honum - þrátt fyrir allt - að þennan mann hefði hann viljað eignast að vini hefði hann þekkt hann annars staðar og við aðrar aðstæður; hefði hann haft eitthvað annað en þetta hús til að bjóða honum upp á.

Hávær rödd Siggú skarst inn í hugsanir hans.

Hann fer alveg dásamlega hérna. Ég sagði ykkur það að þið munduð ekki sjá eftir því að hlaða þennan vegg.

Nú stóð Tómas upp og gekk að grjóttveggnum. Snorri gekk til hans. Tómas barði hnúunum í grjótið.

Úr Drápuhlíð? spurði hann.

Búlandstindi, –

Það hefur verið fyrirhöfn –

Þrjú bílhlöss.

Dýrt?

Þeir horfðust í augu. Augnaráð þeirra toguðust á, mældu krafta sína.

Tja, sagði Snorri – ákaft reyndi hann að muna hvort Tómas átti grjótvegg – það fer eftir því hvernig á það er litið. Það kostar náttúrlega sitt.

Í örvæntingu leit hann til konu sinnar. Með honum bærðist óljóst sú hugsun að aðeins eitt dygði honum nú: að þau gætu horfzt í augu núna; að þau gætu brotið augnatilliti sínu leið hvort til annars gegnum þessa stofu og allt þetta fólk. En hann sá ekki í augu hennar. Hún var önnum kafin að bjóða meira sérri.

Viðauki 4

Verkefni um hefðbundin kynhlutverk

Viðauki 5

Staðreyndir og goðsagnir um nauðganir

Unnið upp úr Ársskýrslu Stígamóta 2002 (2003) og bæklingi Stígamóta um nauðganir (2001)

Goðsögn: Gerandi og þolandi þekkjast ekki neitt

Staðreynd: Í 72,7% nauðgana þekkjast gerandi og þolandi

Goðsögn: Flestar nauðganir fara fram um Verslunarmannahelgina á útihátíðum

Staðreynd: Nauðganir eru ekki algengari á útihátíðum en annars staðar. Um 5% nauðgana fara fram á útihátíðum

Goðsögn: Nauðganir fara fram í skuggasundum

Staðreynd: Konum er oftast nauðgað á eigin heimili

Goðsögn: Konur vilja undir niðri láta nauðga sér

Staðreynd: Nauðgun er það hræðilegasta sem kemur fyrir konu. Engin kona vill láta nauðga sér

Goðsögn: Sumar konur eiga skilið að vera nauðgað. T.d. þær sem eru of drukknar eða klæða sig í tælandi föt

Staðreynd: Ekkert réttlætir nauðgun. Allar manneskjur ráða yfir sínum líkama og eiga rétt á að segja nei hvenær sem er

Goðsögn: Það eru bara sumar konur sem eiga á hættu að vera nauðgað. T.d. fátækar konur eða konur sem stunda mikið kynlíf

Staðreynd: Allar konur eru í áhættuhópi

Goðsögn: Konur ljúga því að þeim hafi verið nauðgað

Staðreynd: Um 2% nauðgunarmála eiga ekki við rök að styðjast

Goðsögn: Kona sem hefur verið nauðgað er með einhverja líkamlega áverka

Staðreynd: Fæstir nauðgarar beita líkamlegu ofbeldi

Goðsögn: Nauðgarar eru geðveikir, alkóhólistar, dópistar eða hafa verið misnotaðir sjálfir sem börn

Staðreynd: Það er ekkert eitt sem einkennir nauðgara. Þeir eru jafnmisjafnir og annað fólk

Goðsögn: Nauðgarar nauðga vegna þess að þeir eru haldnir kynferðislegum losta

Staðreynd: Að nauðga snýst ekki um kynferðislega fullnægju heldur yfirráð og vald

Goðsögn: Nauðgarar nauðga óvart, í hita augnabliksins

Staðreynd: Langflestar nauðganir eru skipulagðar fyrirfram

Viðauki 6

Úr *Launhelgi lyganna* eftir Baugalín bls. 117-119

Eftirfarandi frásögn er sönn og skrifuð af konu í Reykjavík. Í þessari frásögn er barnið 8 ára gamalt og þetta er upphaf ofbeldisins:

Systkini mömmu, Rósa og Axel, komu seinna um kvöldið og mamma var hlæjandi að bera fram saltstengur og súkkulaðibita. Axel var með vínþela í vasanum. Hann skálaði við Gísla og afa sem var farinn að syngja og þá vissi ég að allt yrði svo skemmtilegt. Allir voru að smakka á hákarlinum mínum sem hékk á nagla inni í geymslu. Afi sagðist aldrei hafa smakkað annað eins lostæti. Guð hvað ég var sæl. Ég átti í fyrstu að sofa í stofunni, en síðan vakti fullorðna fólkið svo lengi að ég fór uppí hjónarúm og mátti sofa þar. Þar inni svaf Dóra litla í rimlarúminu sínu. Ég sofnaði út frá skvaldrinu í fólkinu og hlátrum sem komu í bland við söng afa og sæla drauma mína.

Ég vaknaði við það að Gísli tók laust í höndina á mér og lagði hana á magann á sér og eitthvað innra með mér fór á fleygiferð og ég hugsaði: „Hvað er hann að gera við höndina á mér?“ Ég brá á það ráð að látast sofa. Hann setti höndina á mér laust ofaná eitthvað svo ofboðslega skrýtið viðkomu. Ég vissi alveg að þetta var tippið á honum, ég hafði oft séð Rúnar á tippinu þegar við vorum lítil og vissi að þetta mátti ekki gera, að koma við það. Hugsaði: „Hvað er hann að gera?“ og gerði mér upp hrotur, svona eins og ég svæfi. Hann lagði höndina sína yfir mína og stýrði henni laust undir punginn. Síðan nuddaði hann tippið með hinni höndinni og fór að anda svo undarlega að ég hætti að hrjóta og heyrði mömmu sofa við hliðina á mér en hún vaknaði ekki. Ég lá grafkyrr eftir að hann hætti þessu og „svaf eins og steinn“. Ég beið eftir því að hann sofnaði. Ég heyrði að mamma var sofandi. Það heyrðust lítil flautuhljóð þegar hún andaði frá sér. hún svaf á vinstri hlið og sneri í mig baki. Hvað hafði hann gert? Af hverju nuddaði hann tippið svona hratt og andaði undarlega? Þetta gerðist allt svo hratt. Hann mátti alls ekki vita að ég hefði verið vakandi allan tímann og vissi hvað hann gerði við tippið á sér. Kannski gerði hann þetta líka við mömmu á meðan hún svaf. Hún svaf alltaf svo fast þegar hún var þreytt. Ég var viss um að hann hélt ég svæfi, annars hefði hann ekki þorað það sem hann gerði.

Ég veit ekki hversu lengi ég lá og hugsaði um það sem gerðist. Ég man það eitt hvað ég var fegin að heyra að Gísli var sofnaður og farinn að hrjóta lágt. Ég velti

mér af bakinu á vinstri hliðina upp að mömmu og hlustaði á svefnhljóðin í herberginu, í þeim öllum og vindinn fyrir utan gluggann. Ég var full af nýjum ókunnugum ótta. Óttanum við að mamma yrði brjáluð ef hún vissi þetta. Eins gott að hún svaf. Ég hugsaði um hvað pungurinn var ógeðslegur viðkomu og skinnið stórt og laust. Allt öðruvísi en á Rúnari. Ég mundi samt vel eftir því að mamma hafði bannað mér og Rúnari að fara saman í það áður en við fluttum úr kjallaranum af því að hann væri orðinn of gamall. Ég skildi það ekki þá. Gat verið að mamma hefði átt við að hann gæti gert svona? Ég varð sjóðandi heit í framan í myrkrinu og gat ekki hugsað mér að Rúnar gerði það. Eða afi, það gat bara ekki verið. Og hvað tiplið var hræðilega stórt. Ég sofnaði í uppnámi út frá þessum hugsunum eins nálægt bakinu á mömmu og ég gat.

Morguninn eftir vöknudu allir eins og venjulega. Mamma bjó til morgunte og ristaði brauð. Gísli var að fara í múrvinnuna með afa og át brauðið eins og vanalega, lesandi Moggann án þess að líta upp. Hann kyssti mömmu bless og keyrði burtu á gamla Moskvitsinum. Ég var að hugsa um það allan daginn hvernig ég gæti sagt mömmu frá því sem gerðist. Ég elti hana um íbúðina og fræddi hana um allt mögulegt sem ég hafði lært í sveitinni. Spurði hvers vegna afi og amma væru hætt að vera hjón og hvenær ég fengi herbergið mitt aftur. Mig minnir að ég hafi verið með bullandi munnræpu allan daginn á milli þess sem ég horfði á skrípó í kanasjónvarpinu með hinum krökkunum. Við horfðum á Felix the Cat og Roy Rogers.

Og dagurinn leið eins og hver annar. Í kvöldmatnum töluðu þeir afi saman eins og g vanalega og það voru kjötbollur í brúnni sósu í matinn. Gísli spurði mig forvitinn um sveitina og heyskapinn og fékk sér aukaskammt af rófusalatí af því það væri svo gott.

Aftur á móti hugsaði ég og hugsaði. Ég var ekki lengur viss um að Gísli hefði gert þetta. Gat verið að þetta hefði verið skrýtinn draumur? Gísli var alveg eins og venjulega. Eftir matinn fóru allir inní stofu að horfa á fréttirnar í sjónvarpinu en ég bauðst til að hjálpa mömmu að þvo upp. Sagði glöð að ég hefði alltaf hjálpað bóndakonunni í sveitinni. Brosandi rétti mamma mér viskustykkið og sagði að það væri frábært að eiga svona duglega stelpu og hún væri fegin að ég væri komin heim.

Í bókinni eru fleiri frásagnir af kynferðislegu ofbeldi sem kennarar gætu nýtt sér í

kennslu. Séu kennarar í leit að slíku má skoða eftirfarandi blaðsíður:

126-127

133-135

167-169

Í bókinni eru mjög góðar lýsingar á því hvernig kynferðislegt ofbeldi þrífst. Það kemur fram hvernig barnið reynir að hrópa á hjálp, hvernig ofbeldismaðurinn hagar sér og hvernig öll fjölskyldan gegnsýrist af ofbeldinu. Þessi bók er góð lesning fyrir kennara sem ætla að kenna um kynferðislegt ofbeldi og gæti einnig höfðað til nemenda.

Umræðuefni og spurningar sem tengjast völdum kafla úr bókinni *Launhelgi lyganna* eftir Baugalín

- ❖ Takið eftir því að barnið gerir sér fulla grein fyrir því að þetta er rangt af Gísla
- ❖ Hver ber ábyrgð á þessum verknaði?
- ❖ Hvað finnst barninu sjálfu?
- ❖ Hvað finnst ykkur um viðbrögð barnsins?
- ❖ Hvernig líður barninu næsta dag?
- ❖ Hvað kemur því á óvart?
- ❖ Reynir barnið að segja frá ofbeldinu?
- ❖ Hvers vegna haldið þið að það segi móður sinni ekki frá?
- ❖ Takið eftir því að barnið efast um að þetta hafi raunverulega gerst. Hefur einhvern tíman eitthvað komið fyrir ykkur sem var erfitt að trúá?

Viðauki 7

Hvað veist þú um nauðganir?

Hvað er nauðgun?

Satt eða ósatt

Settu S við þær fullyrðingar sem þú telur réttar og Ó við þær sem þú telur rangar

- Nauðgarar eru geðveikir
- Kona sem er nauðgað getur sjálfri sér um kennt
- Nauðgun er alveg eins og kynlíf
- Flestar nauðganir fara fram á útihátíðum
- Konur sem klæða sig kynæsandi eiga á hættu að vera nauðgað
- Nauðgarinn þekkir oftast ekki fórnarlambið sitt
- Konur geta varið sig fyrir nauðgunum
- Konur vilja láta nauðga sér
- Kona á alltaf rétt til að segja nei
- Konur segja nei en meina já
- Nauðgarar nauðga óvart

Viðauki 8

Ljóð úr bókunum

*Nema ljóð og sögur VI (2000) og
Nema ljóð og sögur VIII (kemur út í maí 2003)*

Dýrð bernskunnar

Á breiðum vegi barnið gekk
blíðu sýndi alla.
Í djúpri gjótu grimmdin hékk
glottandi með skalla.

Litla hjartað feigðin fann
fallandi í víti.
Hjartað sló en brosið brann
bernskan orðin lýti.

Skömm og skelfing eiga það
sem skólabækur gleyma.
Í lífi barns er ekkert að
þótt eymdin bíði heima.

Halla Gunnarsdóttir

Lítill stúlka

Læðist burt í skjóli nætur
hálfnakinn
traustið
sjálfsvirðingin
endar með kvöldmatnum
í klósettinu

Unnur Björk

Frjálst val 2

Ég var að velta fyrir mér,
áttu ennþá brjóstahaldarann
sem þú reifst utan af mér?

Geymirðu hann til minningar
um óttann
í augunum mínum?

Halla Gunnarsdóttir

Viðauki 9

Ég þarf að læra að treysta á ný

„Mér hefur verið nauðgað og núna er ég ólétt.“ Þetta var það síðasta sem ég hugsaði áður en veröldin hrundi í kringum mig. Í þrjár vikur hafði ég gengið um í algjörri afneitun og ætlað mér að gleyma þessari hræðilegu lífsreynslu. Ég trúði því virkilega af öllu mínu hjarta að það væri hægt. „Svona lagað kemur einfaldlega ekki fyrir mig!“ hugsaði ég. En þegar ég sat þarna með þungunarprófið í höndunum sem staðfesti ástandið rann upp fyrir mér að ég yrði að gera eitthvað í málunum.

Þegar ég skrifa þetta eru nákvæmlega sjö mánuðir síðan atburðurinn átti sér stað eða á annan í jólum sl. Ég hafði farið út á lífið með hópi af vinum um kvöldið og eins og oft gerist orðið viðskila við alla. Ég hitti þá strák sem ég hafði þekkt lítilliga í 1-2 ár. Hann var líka búinn að týna vinum sínum og búinn að missa af fari heim. Þar sem ég bý stutt frá bænum bauð ég honum að bíða eftir leigubíl heima hjá mér. Þessu boði mun ég sjá eftir alla ævi. Það endaði með því að enginn leigubíll kom og hann ætlaði þá að fá að gista á sófanum. Í morgunsárið vakna ég upp við það að hann hafði tekið sér það bessaleyfi að sofa hjá mér án þess að fá samþykki hjá mér. Það var ekki fyrr en hann var búinn að ljúka sér af að ég gerði mér grein fyrir því hvað hefði verið að gerast. Siðferðiskenndin öskraði á mig. „Hann var að nauðga þér!“ Ég fór í sturtu og reyndi að þrifa þessi öskur úr mér, en sama hvað ég reyndi að skrúbba mikið fannst mér ég ennþá uppfull af drullu og ógeði. Ósjálfrátt án þess að gera mér grein fyrir því var ég komin á fullt í bullandi afneitun. Eins og ég sagði áðan var það ekki fyrr en ég komst að því að ég væri ólétt að ég varð að horfast í augu við það sem hafði gerst. Við tóku endalausar andvökunætur, ég mætti ekkert í skólann vikum saman. Dagarnir runnu einhvern veginn bara saman við næturnar. Í þrjá daga samfleytt þurfti ég að segja sjálfri mér aftur og aftur hvað hefði gerst til að trúa því. Ég þurfti auðvitað að byrja á því að takast á við óléttuna, sem hefði verið nógu erfitt mál út af fyrir sig. Auðvitað kom aldrei neitt annað til greina en að fara í fóstureyðingu. Fyrir mér var þetta ekki líf sem var að vaxa innan í mér heldur einhver óvelkomin frumubreyting sem ég varð að losa mig við. Ég gekk í gegnum öll viðtölin og lækni skoðanirnar uppi á spítala í hálfgerðri leiðslu. Þótt allt starfsfólkið tæki sérstaklega vel á mér vegna

aðstæðna minna fannst mér þetta allt svo óþægilegt og ósanngjarnt. Öllu þessu var bókstaflega troðið upp á mig.

Á sjálfan aðgerðardaginn varð ég í eina skiptið á þessum sjö mánuðum eitthvað reið út í strákinn sem gerði mér þetta. Þegar ég vaknaði eftir aðgerðina alein inni á einhverri myrkvaðri stofu með fullt af tækjum í kringum mig og kvalin í maganum vorkenndi ég sjálfri mér, í fyrsta skipti síðan þetta gerðist, af öllu hjarta. Þarna lá ég ósjálfbjarga, mjög veik andlega og líkamlega, bara af því að ég leyfði mér að treysta. Það er nokkuð sem ég þarf núna að læra upp á nýtt. Vikuna eftir aðgerðina var ég mjög veikburða og kvalin, líklegast vegna þess að andlega hliðin hafði engan styrk til að takast á við neitt. Þegar ég hafði jafnað mig líkamlega varð ég allt í einu mjög upptekin af því að reyna að bregðast sem „réttast“ við nauðguninni. Svona eins og ég ætti bara að kunna það. Þannig liðu næstu vikur. Ég veit ekki hvað gerðist en allt í einu var ég búin að ákveða að ég skyldi segja öllum þeim sem ég treysti og umgekkst mest frá því sem gerst hafði. Eftir á litid var það í rauninni það besta sem ég hef gert fyrir sjálfa mig í sambandi við þetta mál. Flestir sýndu mér skilning og það veitti mér styrk, sumir sneru sér þó undan og létu eins og þetta hafði aldrei gerst og það særði mig mikið. En í hvert sinn sem ég sagði einhverjum frá þessu meðtók ég hvað ég var að ganga í gegnum og hætti að líta á þetta sem einhvern fjarlægán, óskýran atburð. Styrkur minn lá í að tjá mig um atburðinn og leyfa þeim tilfinningum að koma sem þurftu að koma. Auðvitað gekk það stanslaust upp og niður. Suma dagana grenjaði ég út í eitt en aðra fannst mér þessi reynsla bara hluti af mér og lífi mínu. Það fór aðallega eftir því hvernig fólk var við mig á þessum tíma. Þegar ég fékk umhyggju og skilning hjá fjölskyldu og vinum varð ég sterk og tók stórar ákvarðanir um hvernig ég ætlaði mér að leysa þetta vandamál og þeim ákvörðunum held ég enn í dag. En þegar fólk gerði lítið úr þessu og gerði mér þetta erfiðara en þetta var brotnaði ég niður og fannst þetta allt saman vonlaust.

Atburðurinn mun alltaf fylgja mér

Eitt af þessu ómerkilega sem ég upplifði var sjálft kerfið. Þá er ég að tala um lögin í þessu þjóðfélagi en ekki stuðningskerfið. Það brást mér á allan hugsanlegan hátt. Þegar ég loksins mannaði mig upp í að kæra gerandann var mér hálfpartinn ráðlagt að gera það EKKI! Ég fékk þær upplýsingar hjá lögfræðingi að það skipti í rauninni engu máli hvað ég segði í yfirheyrslum, málið yrði fellt niður um leið og hann myndi neita.

Hann sagði mér líka að það myndi ekki gera neitt fyrir mig þó að hann hefði verið ákærður fyrir nauðgun áður. Ég skildi ekki og mun aldrei skilja þessi vinnubrögð. Á mér hefur verið framinn annar alvarlegasti glæpur sem hægt er að fremja og þeim seka er trúað þrátt fyrir að aðeins 2% ákæra sem koma inn á borð séu ósannar. Eftir þetta hætti ég við að kæra. Ég sá einfaldlega ekki tilganginn í því lengur og mér fannst það bara bjóða upp á enn meiri niðurlægingu að halda áfram með málið. Ég ákvað þá að fara að vinna algjörlega með sjálfa mig og reyna að gleyma honum, sjálfum gerandanum. Ég komst í sjálfshjálparhóp niðri í Stígamótum þar sem við hittumst sex stelpur í hverri viku og unnum úr okkar sameiginlegu en samt sem áður ólíku reynslu. Það hjálpaði mér alveg rosalega mikið og ég ráðlegg öllum stelpum sem eru að burðast með slíka reynslu að leita til Stígamóta. Að fá að tala og tjá sig eftir svona hryllilega erfitt og sársaukafullt áfall getur gert kraftaverk.

Í dag er ég í ágætu jafnvægi miðað við aðstæður. Ég veit að þessi atburður á alltaf eftir að fylgja mér og það er nokkuð sem ég verð að sætta mig við og hef að mörgu leyti gert. Á hinn bóginn er svo margt sem ég þarf að læra upp á nýtt, eins og til dæmis að treysta öðrum og fá sjálfstraustið aftur. Ég stóð t.d. sjálfa mig að því um daginn, eftir að hafa gert heiðarlega tilraun til þess að reyna að vera skotin í strák aftur, að ég var bara skotin í honum af því að hann hafði aldrei sofið hjá stelpu. Þá fannst mér eins og hann myndi ekki sjá hvað ég væri „óhrein“. Ég veit að þetta er þvæla en svona leið mér virkilega. Það eru svo margar svona ranghugmyndir sem ég er að læra að losa mig við. Og það á örugglega eftir að taka langan tíma.

Atburðurinn var í rauninni minnsta málið í þessu öllu saman. Hann gekk sjálfur mjög hratt og átakalaust en bara á þessu eina andartaki var búið að svipta mig öllu sakleysi, sjálfstrausti og virðingu. Í staðinn fékk ég heilan helling af niðurlægingu, skömm, ótta, tortryggni og ósjáanlegum óhreinleika. Þarna upplifði ég tilfinningar sem ég vissi ekki að hægt væri að finna fyrir, þær voru svo sárar.

Umraðuefni og spurningar sem tengjast reynslusögunni

Ég þarf að læra að treysta á ný

- ❖ Hvernig strákur haldið þið að gerandinn sé?
- ❖ Hvernig stelpa haldið þið að þolandinn sé?
- ❖ Hvernig haldið þið að honum líði?
- ❖ Hvað finnst ykkur um það sem strákurinn gerði?
- ❖ Hvaða tilfinningar hefur fórnarlambið? Finnst henni þetta vera allt í lagi?
(kjörið að skrifa tilfinningarnar upp á töflu)
- ❖ Hvað finnst ykkur um að hún hafi orðið ólétt? Haldið þið að gerandinn viti það?
- ❖ Hvernig tilfinningar haldið þið að fóstureyðing hafi í för með sér?
- ❖ Hvað finnst ykkur um lögin? Hafið þið heyrt um einhver svipuð mál sem hafa/hafa ekki verið kærð?
- ❖ Hvert leitaði fórnarlambið? Er hún ánægð með stuðningskerfið?

Viðauki 10

Mig langaði að skilja allar minningarnar eftir og byrja nýtt líf

Það var laugardagskvöld og við vinkonurnar ætluðum að fagna því að vorprófin væru búin, fyrsta árinu í framhaldsskólanum lokið! Við áttum nóg af áfengi og ætluðum svo sannarlega að skvetta úr klaufunum en jafnframt hétum við hver annarri því að vera saman allt kvöldið. Við hittumst seinni part dagsins og keyptum okkur drykki til að blanda í, því næst fórum við heim til mín, máluðum okkur og byrjuðum aðeins að drekka.

Ég var frekar óvön áfengi og fann fljótt á mér. Við röltum í bæinn og rúntuðum um með hinum og þessum þangað til við fórum í grillveislu á vegum nemendaráðsins.

Á þessum tíma var ég orðin frekar drukkin og farin að missa minnið! Ég lét ýmislegt út úr mér sem ég hefði mátt sleppa og daðraði við strákana. Að lokum fékk vinkona mín lánaðan síma til að hringja í kærastann minn því ég var orðin of drukkin og hann sótti mig. Eftir þetta drakk ég ekki neitt enda varla með rænu til þess og var á rúntinum með kærastanum mínum. Seint um kvöldið var ég farin að hressast aftur og fékk kærastann minn til að fara með mig í party sem vinur minn ætlaði að halda og þar skildi hann við mig. Ég man lítið eftir partyinu og er nánast minnislaus þangað til ég er allt í einu stödd í hjónaherbergi á neðri hæðinni og einn skólafélaginn minn líka.

Ég man ekki hvernig þetta byrjaði allt saman en allt í einu var ég orðin dauðhrædd, hann reif í hárið á mér og kallaði mig ógeðslegum nöfnum. Svo var ég komin upp í rúm og hann sagðist ætla að fara inn í mig að aftan, ég öskraði á hann að hann mætti það ekki og var farin að hágráta. Hann hélt mér hins vegar niðri með því að halda um úlnliðina á mér og toga mig niður á hárinu. Hann kom vilja sínum fram að framan en ætlaði svo að snúa mér við en ég barðist á móti, skelkuð og hágrátandi. Ég réð ekki við hann og var við það að gefast upp þegar vinkona mín opnaði herbergisdyrnar. Hann stökk á fætur, klæddi sig og fór út. Ég hnipraði mig saman í rúminu og grét. Vinkona mín fékk mig að lokum til að klæða mig og við komum okkur út úr húsinu og löbbuðum heim til kærastans míns. Ég grét og öskraði alla leiðina, hef líklega fengið einhvers konar áfall. Þegar ég kom heim til kærastans míns ákváðum við í

sameiningu að fara upp á lögreglustöð og athuga hvað lögreglan segði um málið. Lögreglan spurði mig nokkurra spurninga og tókst að róa mig nokkuð mikið, hún kallaði eftir félagsráðgjafa og svo var ég send í skoðun. Eftir það fór ég heim og sofnaði. Daginn eftir fór ég á lögreglustöðina og lagði fram kæru.

Næstu dagar og raunar allt sumarið er í eins konar móðu fyrir mér, ég man lítið af því og hélt mig mest innan dyra. Ég treysti mér hvorki til að fara út að skemmta mér né hitta mikið af fólki. Mér var sagt að ég þyrfti að fara í eina yfirheyrslu og svo væri mínum hluta í málinu lokið svo ég dreif yfirheyrsluna af og sökkti mér í vinnu.

Ég ákvað að flytja í burtu frá bænum því ég vildi ekki þurfa að horfa upp á þennan skólafélaga minn á hverjum degi. Mig langaði einfaldlega að fara í burtu, skilja allar minningarnar eftir og byrja nýtt líf. Ég vissi líka að ýmislegt var kjaftað í bænum og margar sögurnar voru ekki fallegar. Mér fannst ég ónýt, skítug og ég þorði ekki að horfa framan í fólk. Ef einhver spurði hvernig mér liði svaraði ég því alltaf þannig að mér liði vel. Ég frysti allar tilfinningarnar inni og hugsaði sem svo að það hlyti allt að lagast þegar ég flytti í burtu. Ég neitaði allri sálfræðiaðstoð en fór þó í fjögur skipti á fundi til félagsráðgjafa.

Undirskriftarlisti í bæjarblaðinu

Ég fór á eitt ball þetta sumar sem endaði með því að ég brjáláðist og fór að hágráta þegar ég sá X. Lögreglunni, sem vissi allt um málið, tókst að róa mig niður og keyrði mig heim. Ég veit ekki hvað hefði gerst þetta kvöld ef lögreglan hefði ekki reynst mér svona vel.

Í lok sumarsins pakkaði ég öllu niður og flutti með kærastanum mínum til Reykjavíkur og byrjaði í nýjum skóla. Allt virtist ganga vel en ég var hætt að sjá nokkurn tilgang með neinu sem ég gerði, ég var hætt að brosa og mér fannst allt svo erfitt.

Ég beið alltaf eftir því að tíminn liði og allt myndi lagast aftur.

Í lok október hringdi lögfræðingurinn minn í mig og sagði mér að ég þyrfti að koma í aðra yfirheyrslu. Skólafélaginn fyrrverandi sem hafði í fyrstu játað allt á sig hafði fengið sér nýjan lögfræðing og neitaði nú að þetta hefði verið nauðgun. Nýi

lögfræðingurinn krafðist þess að ég kæmi í yfirheyrslu og þrátt fyrir að lögum samkvæmt ætti ég aðeins að þurfa að fara í gegnum eina yfirheyrslu þurfti ég að mæta í annað skipti. Í yfirheyrslunni brotnaði ég saman þar sem ég þurfti að rifja upp atburði sem ég hafði lagt svo hart að mér við að gleyma. Mér var ráðlagt að leita til Stígamóta og í lok nóvember fór ég á fyrsta fundinn. Ég ákvað að fara heim í jólafríinu til að vera með fjölskyldunni um jólin.

30. desember var dómurinn kveðinn upp, ég beið heima eftir símhringingu ásamt kærastanum mínum, mömmu minni og tveimur vinkonum, önnur þeirra var sú sem hafði komið að nauðguninni. Þegar lögfræðingurinn minn hringdi og sagði mér að ég hefði unnið málið, grét vinkona mín, spennufallið var svo mikið. Og ég hélt að núna hlyti þetta loksins að vera búið.

Um áramótin fór ég út að skemmta mér en það endaði ekki betur en svo að ég varð fyrir aðkasti og ég fór heim grátandi og leið hörmulega. Ég var fegin þegar jólafríið var búið og ég komst aftur til Reykjavíkur.

Í janúar hringdi presturinn í heimabænum mínum í mig og sagði mér að það gengi undirskriftarlisti um í bænum þar sem yfir hundrað manns hefðu skrifað undir og lýst yfir stuðningi sínum við X. Yfirskriftin var: „Við trúum og treystum á það að réttlætið sigri að lokum“. Ég trúði ekki mínum eigin eyrum og þegar hann spurði mig af hverju allir væru að snúast gegn mér gat ég ekkert sagt. Hvernig átti ég að vita það? Í mínum huga hafði réttlætinu verið fullnægt og ég skildi ekki af hverju fólk sem hafði ekki hugmynd um hvernig málum væri háttað gæti tekið sig til og safnað undirskriftum til stuðnings við strákinn sem hafði nauðgað mér. Ég bað prestinn um að koma í veg fyrir að listinn yrði birtur því ég vissi ekki hve mikið meira ég gæti þolað. Það tókst hins vegar ekki.

Listinn birtist í bæjarblaðinu daginn eftir 18 ára afmælisdaginn minn og um svipað leyti sagði lögfræðingurinn mér að X hefði áfrýjað málinu til Hæstaréttar og fengið sér sama lögfræðing og hefði unnið „prófessormálið“ fræga. Við það datt ég niður í eitthvert þunglyndi og mætti ekki á fundi til Stígamóta í rúmlega mánuð, ég gerði mér grein fyrir því að þetta yrði aldrei „búið“ og fannst enginn tilgangur í neinu.

Það er undarleg tilviljun að daginn sem listinn kom út ætluðu mamma og pabbi að senda mér listann í pósti, listinn barst aldrei til mín, hann komst aldrei út af pósthúsinu heldur var sendur heim til mömmu og pabba nokkrum dögum seinna. Þetta er í eina skiptið og fyrr og síðar sem póstur frá foreldrum mínum hefur verið endursendur til þeirra og ekki komist til mín.

Fjölmiðlar komast í málið

Í mars var hringt í mig frá Stígamótum og mér var boðið að taka þátt í sjálfshjálparhóp ásamt fimm stelpum sem hefðu svipaða reynslu og ég. Þá var ég farin að átta mig á því að eitthvað þyrfti ég að gera, ég gat ekki verið í þessu ástandi endalaust. Ég sló til og tók þátt. Hópurinn reyndist vera alveg yndislegur og hann hjálpaði mér heilmikið. Ég fór að setta mig við nauðgunina og að ég þyrfti að vinna mig út úr henni. Ég hafði líka alltaf verið mjög upptekin af því að ég hafði verið drukkin og þar sem ég myndi ekki hvað gerðist milli mín og skólafélagans áður en nauðgunin átti sér stað gæti allt eins verið að ég hefði „boðið“ upp á þetta.

Ég fór að gera mér grein fyrir því að það skipti engu máli, ég hafði sagt nei og þrátt fyrir það verið tekin með valdi. Og smám saman fór mér að líða betur.

Daginn sem Hæstiréttur kvað upp dóminn gat ég ekki einbeitt mér í skólanum heldur sat og starði út í loftið, vissi ekki hverju ég átti að búast við. Því allt virtist hafa farið öfugt við væntingar mínar hingað til. Það var þó mikil huggun í því að ég vissi að fimm aðrar stelpur með svipaða reynslu og ég hugsuðu til mín.

Ég var á leiðinni í vinnuna þegar síminn hringdi og mér var sagt að ég hefði unnið málið í annað sinn. Ég var glöð en fannst ég algjörlega tóm, vissi ekki hverjar afleiðingarnar gætu verið í þetta skiptið. Ég fór ekki heim um páskana, gat ekki hugsað mér að vera í fyrrverandi heimabænum mínum þar sem ég gat búist við hverju sem var.

Í apríl komust fjölmiðlar í málið og vildu taka viðtal við mig, bæði í sjónvarpi og með blaðagrein. En ég var búin að fá nóg og vildi fá að vera í friði.

Þrátt fyrir það birtust fréttir af atburðunum á forsíðu DV nokkra daga í röð og þar að auki var málið mitt aðalgreinin í einu helgarblaðinu.

Það fyllti mælinn og ég fékk enn eitt áfallið, var bólreið annan daginn en hágrét þann næsta, fór í gegnum allan tilfinningaskalann á nokkrum dögum. Tilfinningar sem ég hafði lokað á og ekki getað tekist á við sumarið eftir nauðgunina.

Blaðgreinarnar voru þó ekki alslæmar því ég fékk mikið af símtölum frá fólki sem hafði svipaða reynslu, bæði hérna innanlands og utan og það styrkti mig mikið. Fólkið mitt var líka duglegt að hringja í mig og athuga hvernig ég hefði það.

Ég fór ekki heim í sumarfríinu og get ekki hugsað mér að fara heim næstu mánuði. Ég býst við að ég eigi aldrei eftir að fara þangað til langs tíma. Ég hef lítið samband við vini mína sem búa enn á staðnum og satt að segja veit ég ekki hverja ég get talið vini mína og hverja ekki. Ég er reið og ég er sár og vil ekki gera sjálfri mér það að rífa upp sárin sem eru rétt að byrja að gróa.

Umræðuefni og spurningar sem tengjast reynslusögunni *Mig langar að skilja allar minningar eftir og byrja nýtt líf*

- ❖ Hvernig strákur haldið þið að gerandinn sé?
- ❖ Hvernig stelpa haldið þið að þolandinn sé?
- ❖ Hvað haldið þið að strákurinn hafi verið að hugsa?
- ❖ Hvernig brást stelpan við atburðinum?
- ❖ Hvaða tilfinningar komu upp hjá stelpunni?
- ❖ Hvernig myndi ykkur líða? (kjörið að skella því upp á töflu)
- ❖ Takið eftir því að stelpa fer næstum aldrei í bæinn sinn og efast um hverjir eru vinir hennar í bænum?
- ❖ Hvað finnst ykkur um undirskriftalistann? Mynduð þið skrifa undir svona yfirlýsingu?
- ❖ Hvernig liði ykkur er þið fréttuð að vinur ykkar hefði nauðgað stelpu?
- ❖ Hvernig liði ykkur ef þið hefðuð verið vinkonan sem kom að nauðguninni?
- ❖ Hvernig haldið þið að foreldrum stelpunnar líði?
- ❖ En foreldrum stráksins?

Viðauki 11

Líkaminn hefur sitt minni

Það var laugardagskvöld, 11. maí. 10. bekkur var að klárast og sumarið blasti við. Ég var hrein mey en var farin að hugsa svolítið um hvernig það væri nú að hafa samfarir. Mér fannst mjög spennandi að smakka vín og fara niður í miðbæ á helgarkvöldum. Ég bjó á höfuðborgarsvæðinu og fór í party þetta kvöld. Ég ætlaði að gista hjá vinkonu minni yfir nóttina því að hún mátti alltaf vera lengur úti en ég. Við byrjuðum að drekka í partyinu og fórum svo niður í bæ. Þar hitti ég strákur sem ég kannaðist við. Við byrjuðum að spjalla og fyrr en varði vorum við farin að haldast í hendur. Hann var sjö árum eldri en ég og mér fannst hann mjög spennandi. Við fórum síðan saman heim til hans, í Fossvoginn. Ég tók það skýrt fram að ekkert væri að fara að gerast annað en að við værum að fara að sofa. Hann sagðist hafa sofið hjá svo mörgum stelpum að honum væri alveg sama. Við vorum bæði drukkin. Við fórum aðeins að kela og ég tók þá ákvörðun að leyfa honum að stinga honum inn. Það var hrikalega sárt. Eftir smástund bað ég hann að hætta... en hann hélt áfram. Ég reyndi að ýta honum af mér en hann hélt mér fastri og hélt áfram. Ég grátbað hann að hætta en hann sagði: „Ég ætla að venja þig við. Það er miklu betra að ég geri það heldur en einhver lítill strákur sem veit ekkert hvað hann er að gera.“ Ég fór að gráta og reyndi að ýta honum af mér. Í látunum datt ég á gólfið og hann kom strax á eftir mér og hélt áfram. Ég lamdi í hann en hann sagði bara sömu setninguna aftur. Ég hélt áfram að biðja hann að hætta en allt kom fyrir ekki. Ég var alveg að gefast upp. Þá gerðist það ótrúlega, mér tókst að höfða til þeirrar litlu samvisku sem í honum bjó þegar ég sagði: „Vilt þú gera eitthvað við mig sem ég vil ekki?“ Þá hætti hann. Það var svo mikill léttir. Ég man ekki hvað gerðist svo. Ég grét í hljóði og svo hef ég sennilega sofnað. Ég hafði enga orku til að hugsa. Ég vaknaði svo örfáum klukkustundum seinna og fylltist viðbjóði þegar ég sá hann. Hann steinsvaf. Strax þarna hvarflaði ekki að mér að hann hefði á nokkurn hátt brotið á mér, afneitunin hófst. Ég vildi komast út en ég hafði ekki hugmynd um hvernig ég ætti að komast í strætó kl. 8:30 á sunnudagsmorgni og enga hafði ég peninga fyrir leigubíl. Þá birtist bjargvætturinn. Bróðir hans var vaknaður og bauðst til að skutla mér heim. Mikið var ég fegin. Þar sem ég hafði ætlað að gista hjá vinkonu minni gat ég ekki farið strax heim. Ég fann mér samastað þar til tíminn leyfði

mér að fara heim. Kl. 13:00 mætti ég svo til vinnu eins og ekkert hefði í skorist. Dagurinn leið í móki. Ég man voðalega lítið eftir honum.

Það sem tók við eftir nauðgunina var fullkomin afneitun. Ég sagði vinkonunum að nú hefði ég misst meydóminn og að allt væri í fínu lagi. Svona kemur ekki fyrir mig! Vinkonur mínar hittu hann svo nokkrum dögum seinna og minntust á mig en hann þóttist ekkert við mig kannast. Viku eftir atburðinn sá ég hann svo niðri í bæ. Ég var drukkin og fór strax að hágráta. Ég hljóp að honum og sló hann eins fast og ég gat. Ég vissi ekki að ég væri svona sterk. Þarna hefur undirmeðvitundin sennilega tekið völdin því að ég sagði við hann að hann hefði stolið lífinu mínu. Það hefði ég ekki viðurkennt daginn áður og viðurkenndi það heldur ekki næstu árin. Þegar ég var spurð hvað hann hefði unnið sér til saka var það bara vegna þess að hann þóttist ekki muna eftir mér.

Það var hann sem svaf hjá mér!

Svo mikil var afneitunin að næst þegar ég sá hann lét ég eins og ekkert væri og spjallaði um daginn og veginn. Hann forðaðist mig hins vegar eins og hann gat. Einhvern tímann minntist vinur hans á að ég hefði sofið hjá honum og þá virðist undirmeðvitundin aftur hafa náð tökum því að ég sagði: „Ég svaf ekki hjá honum, það var hann sem svaf hjá mér.“

Stuttu eftir atburðinn fór mig að klæja mikið við kynfærin. Mér var ráðlagt að leita á húð- og kynsjúkdómadeildina sem ég svo gerði. Ég vildi óska að ég hefði aldrei þurft að fara þangað. Ég útskýrði vandamálið og var spurð hvort að möguleiki væri á smiti. Ég neyddist til að játa. Þá var útvíkkunartæki komið fyrir í leggöngunum og þau víkkuð út. Ég rak upp óp og tárin þrýstu sér fram. Það var ólýsanlega sárt. Ég fann ekki aðeins líkamlega til heldur nísti þetta í hjartað. Sem betur fer var ég ekki með neinn kynsjúkdóm aðeins sveppasýkingu. Ég gekk út með tárin í augunum og lofaði sjálfri mér að þetta þyrfti ég aldrei aftur að gera. En það var ekki satt.

Ég fór örsjaldan heim með strákum eftir þetta og tók þá alltaf skýrt fram að ekkert væri að fara inn í mig. Að öðru leyti þóknaðist ég þeim alveg. Mér fannst það mín skylda að gera þá ánægða til þess eins að fá að kúra hjá þeim eftir það, örugg. Mér leið alls ekki vel en ég átti gott með að fela vanlíðanina, bæði fyrir sjálfri mér og öðrum. Ári eftir atburðinn fór ég að vera með strák. Við vorum lengi saman áður en

nokkuð gerðist í kynlífinu. Þegar á reyndi kom í ljós að það gat ekkert farið inn í leggöngin mín, ekki einu sinni litli putti. Um leið og eitthvað kom nálægt þeim fann ég rosalegan sársauka. Ég sagði kærastanum frá minni fyrstu kynlífsreynslu en tók það skýrt fram að þetta hefði ekki verið nauðgun. Svona kemur ekki fyrir mig! Ég leitaði aftur niður á húð- og kynsjúkdómadeild. Það var alveg jafnhrikalegt og ári áður. Mér var ráðlagt að leita til kvensjúkdómalæknis. Aftur gekk ég út með tárin í augunum og það leið mjög langur tími þar til ég gat farið aftur til læknis. Ég fór fjórum sinnum til læknis áður en nokkur gat svarað mér. Allir gáfu mér smyrsl og/eða stíla sem ég átti að nota en það var allt of sárt. Ég kláraði aldrei skammtana. Svo að lokum sagði læknir mér að ég væri með leggangakrampa sem væri sálrænn kvilli fremur en andlegur. Líkaminn hefur sitt minni. Hann sagði að ég þyrfti að æfa mig sjálf þar til leggöngin réðu við að eitthvað kæmi nálægt þeim. Ég reyndi en það var allt of erfitt, allt of sárt. Stuttu seinna hættum ég og kærastinn minn saman og þá prísaði ég mig sæla yfir að þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu lengur. En tíminn leið og ég fór í annað samband. Þá þyrfti ég aftur að hugsa um vandann og ég bað kærastann um að styðja mig. Eftir nokkra mánuði og mikið erfiði tókst mér í fyrsta sinn á ævinni að hafa samfarir sársaukalaust. Það var daginn eftir að ég viðurkenndi að mér hefði verið nauðgað.

Ég var viss um að það hefði verið nóg að segja einu sinni að mér hefði verið nauðgað, svo gæti ég haldið áfram að bæla tilfinningarnar niðri. Ósjálfrátt fór ég í þóknunarhlutverkið í kynlífinu og stundaði það oft án þess að langa til. Tveimur mánuðum seinna fór ég aftur að finna til við samfarir. Stuttu seinna lauk sambandinu og aftur var ég ánægð með að geta haldið áfram að grafa vandann.

En það kom að því að ég eignaðist annan kærasta. Ég fann þá að líkamlegi vandinn var orðinn enn stærri. Ég útskýrði þetta fyrir honum en minntist ekki orði á nauðgunina. Svona kemur ekki fyrir mig! Við höfðum af og til samfarir, stundum fann ég mikið til, stundum lítið, stundum ekki neitt. Á tímabili virtist allt vera að lagast en þá skaut vandinn aftur upp kollinum og sársaukinn jókst. Það var eins og ég og líkaminn værum aðskilin. Hann mundi það sem ég vildi ekki muna og reyndi stöðugt að minna mig á það.

Fannst saga mín ekki nógu ljót

Svo kom það upp að vinkonu minni var nauðgað. Hún sagði mér frá því og ég brotnaði strax niður og sagði henni frá mínum vanda. Ég fann þarna manneskju sem hafði upplifað sama sársauka og ég og það veitti mér styrk. Þá, næstum fjórum árum eftir atburðinn, leitaði ég mér hjálpar. Ég leitaði til Stígamóta og mætti þar því hlýja viðmóti sem einkennir staðinn. Ég var spurð af hverju ég hefði ekki komið fyrr. Svarið var einfalt: „Ég gerði mér ekki grein fyrir að það hefði verið brotið á mér og mér fannst mín saga ekki nógu ljót.“ Konan sagði mér að nánast öllum stúlkum finnist sín saga ekki nógu ljót hversu hrikaleg sem hún er. Mér leið mikið betur þegar ég gekk út. Ég sagði kærastanum frá þessu en enginn fékk að vita það nema hann og vinkona mín sem var með sömu reynslu. Svona kemur ekki fyrir mig!

Mér var boðið að taka þátt í sjálfshjálparhópi í Stígamótum. Þar kynntist ég fimm yndislegum stelpum sem búa yfir sömu reynslu og ég. Það var farið yfir ýmsa þætti sem tengdust nauðguninni bæði beint og óbeint. Það var rosalega erfitt. Í hvert skipti sem ég gekk út var eins og þungu fargi væri af mér létt. Alltaf varð andlega byrðin minni og minni. Kynlífið stóð í stað og einn daginn leitaði ég til læknis. Ég hafði komið til hans tveimur árum áður og þá hafði hann spurt mig hvort mér hefði verið nauðgað en ég þverneitaði. Nú gat ég sagt honum satt. Það var rosalega erfitt að fara til læknis. Ég grátbað hann að nota ekki tækið sem víkkar leggöngin. Hann varð að bón minni og kom mjög rólega að mér. Það var engin örverusýking í leggöngunum, bara sveppasýking enn eina ferðina. Sársaukinn var sálrænn og ég þurfti að gefa mér tíma. Hann var ánægður með að ég væri að leita mér hjálpar.

Ég er núna búin með hópinn í Stígamótum, samtals 45 klukkustundir. Ýmiss konar tilfinningar hafa komið upp í kjölfar þess að rifja atburðinn upp. Stundum verð ég öskureið út í nauðgarann og stundum vorkenni ég honum. Stundum langar mig að hitta hann og segja honum til syndanna en ég efast um að það hefði nokkuð upp úr sér. Ég hef ekkert hitt hann síðan afneituninni lauk. Stundum verð ég hrædd þegar ég er ein með strákum, hvort sem ég þekki þá eða ekki.

Ég fæ stundum flassmyndir af atburðinum þegar ég stunda kynlíf. Það er mjög erfitt. Ég veit núna að ég má stöðva kynlífið þegar mér hentar og það hjálpaði mér mikið þegar ég gerði það í fyrsta sinn. Ég veit að þetta var ekki mér að kenna, ég var ung,

saklaus stelpa og hann mátti ekki gera þetta við mig. En oft eru tilfinningarnar aðrar en skynsemin segir til um. Ég ásaka enn þá sjálfa mig. Ég er mjög vond við sjálfa mig, mikið verri en ég myndi nokkurn tímann vera við 15 ára stelpu sem lenti í því sem ég lenti. Mér finnst ég hafa verið heimsk en samt veit ég að ég var það ekki. Þessu fylgir mikil togstreita. Kynlífið er enn þá mjög misjafnt. Ég veit ekki hvenær það lagast en mikið hlakka ég til. Ég veit að ég þarf að setta mig við að eiga líkama með þessa reynslu og ég þarf að láta mér þykja vænt um hann eins og hann er. Hann á jú eftir að fylgja mér alla tíð. Ég á góðan kærasta sem styður mig eftir fremsta megni og ég veit að ég get þetta allt saman.

Óska þess að hann viti hvað hann gerði mér

Mér finnst fólk oft tala mjög óvarlega um nauðganir og ég verð mjög reið. Þetta er ekkert gamanmál. Mér finnst umræðan vera mjög ómarkviss. Nauðganir eru alltaf tengdar verslunarmannahelginni og gerendur eru sagðir ókunnugir. Það er ekki þannig. Gerendur eru langoftast vinir, kunningjar eða ættingjar. Strætisnauðganir bíómyndanna eiga sér mjög sjaldan stað. Það eru ekki fleiri nauðganir um verslunarmannahelgi heldur en hverja aðra helgi. Hættan er alltaf til staðar. Það eina sem langflestar nauðganir eiga sameiginlegt er að áfengi er í spilinu. Oftast eru bæði fórnarlamb og gerandi undir áhrifum. Einnig snýst umfjöllunin um að stelpur kæri nauðgunina en fæstar treysta sér til þess og fæst málin enda á réttlátan hátt. Fyrir mér var aðalatriðið ekki að kæra eftir fjögurra ára afneitun. Ég þurfti hjálp við að koma tilfinningunum í réttan farveg. Ég óska þess samt að þessi maður viti hvað hann hefur gert mér og að hann fái hjálp við sínum vandamálum. Ég get ekki ímyndað mér hvað getur verið í gangi hjá manni sem framkvæmir svona voðaverknað.

Oft eru fórnarlömbin dæmd (sbr. það sem gerðist á Húsavík) og þau sögð ljúga. Að sjálfsögðu er mikið léttvægari glæpur að ljúga um illvirki en að framkvæma slíkt. Einnig þykir frétt næmt ef stelpa lýgur þessu en ekki ef hún segir satt. Athugið að hver sem er getur verið gerandi og að hver sem er getur orðið fórnarlamb. Ég er bara venjuleg stelpa sem gengur vel í skóla og tek virkan þátt í lífsgæðakapphaupinu. Ég gæti verið dóttir þín, systir eða besta vinkona. En þessi reynsla hefur rist djúpt í sálina mína en ég veit að núna er ég á réttri leið. Ég stefni upp á við og kannski get ég einhvern tímann nýtt mér þessa reynslu sem styrk.

Með þessari sögu vil ég leggja mitt af mörkum við að gera umræðuna um þennan annan alvarlegasta glæp á Íslandi og víðar (á eftir morði) markvissa. Ég bið ykkur öll að gæta orða ykkar þegar þessi málefni eru rædd og tala af þekkingu fremur en vanþekkingu. Ef fordómar gegn okkur fórnarlömbum væru minni yrði auðveldara fyrir okkur að leita réttar okkar og fá tilskilda hjálp.

Ég vona að þessi saga geti hjálpað fórnarlömbum til að leita sér hjálpar og fengið gerendur til að hugsa sinn gang.

Spurningar og umræður með reynslusögunni *Líkaminn hefur sitt minni*

- ❖ Hvernig strákur haldið þið að gerandinn sé?
- ❖ Hvernig stelpa haldið þið að þolandinn sé?
- ❖ Hvað finnst ykkur um atburðinn? Mátti strákurinn halda áfram þegar stelpan vildi stoppa?
- ❖ Hvað haldið þið að hann hafi hugsað?
- ❖ Kemur eitthvað fram í textanum sem bendir til þess að nauðgarinn hafi vitað að hann var að gera eitthvað rangt?
- ❖ Hvað finnst ykkur um afneitunina sem stelpan fer í? Hafið þið einhvern tíman farið í afneitun yfir einhverju? Þekkið þið einhvern sem hefur verið í afneitun? (kjörið tækifæri til að ræða viðbrögð fólks við áföllum)
- ❖ Hvaða afleiðingar hafði nauðgunin fyrir stelpuna?
- ❖ Hvað finnst ykkur um það sem stelpan segir um viðhorf fólks til nauðgana? Hver eru ykkar viðhorf? Er rétt að fórnarlömbin eru oft dæmd?

Viðauki 12

Listi yfir hugtök sem tengjast kynlífi eða kynferðislegu ofbeldi

skömm	umhyggja	fyrirlitning
reiði	nánd	hatur
sjálfsvígshugleiðingar	löngun	ást
gleði	sátt	depurð
einmanaleiki	hamingja	sektarkennd
sæla	valdaleysi	kvíði
yfirráð	sársauki	tilfinningalegur doði
völd	undirgefni	virðing
hræðsla	Áfall	vinátta
niðurlæging	sterk-/ur	varnarleysi
einvaldur	traust	sorg

Viðauki 13

Munurinn á kynlífi og kynferðislegu ofbeldi

Kynlíf

löngun

nautn

gleði

andleg næring

alsælu tilfinning

„í öðrum heimi“ tilfinning

nánd

traust

umhyggja

➔ athöfn sem báðir aðilar vilja og báðir njóta

Kynferðislegt ofbeldi

Fórnarlamb

ótti

niðurlæging

undirgefni

varnarleysi

skömm, sekt

valdaleysi

einmanaleiki

„verður að fylgja hans reglum“

sársauki

Ofbeldismaður

yfirráð

vald

sterkur

hefur stjórn

fær „kick“

alsæla

ákveður einn

semur reglurnar

fyrirlitning, hatur

➔ Einn eða fleiri einstaklingar fullnægja sjálfum sér á kostnað annarrar manneskju

Guðrún Jónsdóttir þýddi og endursamdi úr grein sem nefnist „Sex kontra völd – en fræga om porr“ í *Spegele*n 1/98, Árg. 17

Viðauki 14

Lesefni og bækur sem hægt er að nýta við undirbúning eða í kennslu:

- Ársskýrsla Stígamóta 2002. 2003. Stígamót, Reykjavík.
- Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson. 2000. *Ég er bara ég – þemahefti um jafnrétti fyrir miðstig*. Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Ásdís Olsen og Karl Ágúst Úlfsson. 2001. *Kynlega klippt og skorið – þemahefti um kynjamál fyrir unglingastig*. Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Baugalín (dulnefni). 2000. *Launhelgi lyganna*. Mál og menning, Reykjavík.
- Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir. 2000. *Jafnréttishandbók fyrir starfsfólk skóla*. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Kynferðislegt ofbeldi gegn börnum*. 1999. Ritroð Barnaheilla 4. Barnaheill, Reykjavík.
- Mannréttindi barna*. [Án árs]. Ritroð Barnaheilla 1 [Án útgáfufyrirtækis og útgáfustaðar].
- Margrét Pála Ólafsdóttir. 1992. *Æfingin skapar meistarann. Leikskóli fyrir stelpur og stráka*. Mál og menning, Reykjavík.
- Nauðgun*. 2001. Guðrún Jónsdóttir tók saman í samvinnu við konur á Stígamótum. Stígamót, Reykjavík.
- Sigríður Jónsdóttir. [Án árs]. *Stelpur – strákar Jafngildir einstaklingar*. Skyggnuflokkur um jafnrétti kynjanna. Námsgagnastofnun, Reykjavík.